



# FRUMGREINAKENNSLA ÍSLENSKRA SKÓLA

MAÍ 2012

# EFNISYFIRLIT

NIÐURSTÖÐUR OG ÁBENDINGAR .....	3
VIÐBRÖGÐ VIÐ ÁBENDINGUM.....	6
1 INNGANGUR .....	7
2 UPPRUNI OG FORSENDUR .....	8
2.1 Aðfaranám fyrir nám á háskólastigi.....	8
2.2 Eðli og lagaleg staða frumgreinanámsins .....	9
2.3 Viðbótarnám við framhaldsskóla.....	12
2.4 Annars konar undirbúningsnámskeið háskólanna .....	13
2.5 Framhaldsfræðsla og vinnumarkaðsúræði .....	14
3 MARKMIÐ OG SKIPULAG NÁMSINS .....	16
3.1 Markmið frumgreinanámsins .....	16
3.2 Staða frumgreinanámsins.....	17
3.3 Námskröfur .....	18
3.4 Aldurstakmörk .....	21
3.5 Frá umsókn til útskriftar .....	22
4 ÁRANGUR FRUMGREINANÁMSINS .....	23
4.1 Háskólinn í Reykjavík .....	23
4.2 Háskólinn á Bifröst.....	24
4.3 Keilir ehf.....	25
4.4 Könnun Háskóla Íslands á námsgengi nemenda .....	25
4.5 Námsval frumgreinanemenda .....	27
5 FJÁRMÖGNUN FRUMGREINANÁMS.....	29
5.1 Framlög ríkisins til frumgreinanámsins .....	29
5.2 Skólagjöld nemenda .....	30
5.3 Lánshæft nám .....	31

# NIÐURSTÖÐUR OG ÁBENDINGAR

Haustið 2011 voru um 640 nemendur skráðir við frumgreinadeildir þeirra þriggja skóla sem starfrækja slíkar deildir: Háskólans í Reykjavík, Háskólans á Bifröst og Keilis ehf. í samstarfi við Háskóla Íslands. Nám þetta á sér tæplega hálftrar aldar sögu hér á landi og hefur um margt sérstöðu í íslensku skólakerfi. Það er í eðli sínu á framhaldsskólastigi og fyrst og fremst ætlað nemendum sem stefna á háskólanám. Engu að síður lýtur það ekki yfirstjórn mennta- og menningarmálaráðuneytis, eins og almennt framhaldsskólanám, fellur hvorki undir lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla né aðalnámskrá framhaldsskóla og lýkur ekki með formlegu framhaldsskóla-, starfsréttinda- eða stúdentsprófi.

Frumgreinanámið byggir þvert á móti á ákvæði laga nr. 63/2006 um háskóla um „aðfaranám fyrir einstaklinga sem ekki uppfylla inntökuskilyrði í háskóla“. Það fer fram á vegum háskóla eða í samstarfi við slíka skóla sem einnig setja því reglur eða staðfesta þær og ábyrgjast þannig gæði námsins og útskrift nemenda. Eðlilega fellur það þó ekki undir neitt þeirra fræðasviða á háskólastigi eða undirflokk þeirra sem viðurkenning mennta- og menningarmálaráðuneytis á háskólum er bundin við. Enn ein sérstaða frumgreinanáms gagnvart hefðbundnu framhaldsskólanámi er sú að Lánasjóður íslenskra námsmanna veitir þeim sem það stunda lán bæði fyrir skólagjöldum og framfærslu og nýta langflestir nemendur sér þann möguleika. Ekki er að efa að þetta hefur átt sinn þátt í að auka vinsældir námsins á síðari árum.

Sérstaða frumgreinanámsins skýrist einkum af því að það var upphaflega hugsað sem sértækt úrræði fyrir tiltölulega lítinn og afmarkaðan hóp iðnskólagenginna einstaklinga sem hugðu á verk- eða tæknifræðinám á háskólastigi en skorti faglegan grunn í tilteknum námsgreinum, einkum stærðfræði og eðlisfræði. Meginfyrirmynd þess voru undirbúningsnámskeið danskra tækniháskóla sem enn eru við lýði í lítt breyttri mynd og veita fyrst og fremst aðgang að verk- og tæknifræðinámi. Almennir háskólar meta það ekki sem fullnægjandi inntökuskilyrði nema í undantekningartilvikum.

Enn sem fyrr er frumgreinanámi hér á landi einkum ætlað að mæta þörfum einstaklinga sem luku ekki stúdentsprófi á unglingsárum en hafa í mörgum tilvikum nokkra starfsreynslu á almennum vinnumarkaði. Helsti markhópur þess er því sá sami og sótt hefur öldungadeildir eða kvöldskóla framhaldsskólanna, þ.e. 25 ára og eldri. Námið höfðar þó einnig til yngri aldurshópa og voru yngstu nemendur sem hófu slíkt nám veturinn 2010–11 á aldrinum 19–20 ára. Á síðustu árum hefur frumgreinanámið einnig orðið æ almennari undirbúningur fyrir háskólanám og þar með nokkurs konar óformleg hliðstæða náms til stúdentsprófs. Með vissum skilyrðum er deildaskipt frum-

**NÁM Á FRAMHALDS-  
SKÓLASTIGI**

**FELLUR UNDIR LÖG  
UM HÁSKÓLA**

**UPPHAFLEGA  
SÉRTÆKT ÚRRÆÐI**

**NÚ ALMENNUR  
UNDIRBÚNINGUR  
FYRIR HÁSKÓLANÁM**

greinanám frá Keili t.d. talið fullnægja inntökukröfum langflestra háskóladeilda Háskóla Íslands.

#### VINNUMARKAÐS- ÚRRÆÐI STJÓRNVALDA

Auk þess að vera almennur undirbúningur fyrir háskólanám hefur frumgreinanámið á síðustu misserum orðið snar þáttur í almennri fullorðinsfræðslu og sömuleiðis hefur hluti þess verið skilgreindur meðal vinnumarkaðsúrræða stjórnvalda sem miða að því að endurmennta og endurhæfa atvinnulausa einstaklinga og bæta stöðu þeirra á vinnumarkaði. Á árinu 2011 námu greiðslur Vinnumálastofnunar til frumgreinadeilda anna þriggja vegna slíks náms um 45 m.kr.

#### EKKI STARFSTENGT NÁM

Frumgreinanámið er þó í eðli sínu ekki „starfstengt nám“, nám sem auðveldar nemendum að leita sér að vinnu eða nám sem miðar að sjálfsstyrkingu, eins og námsúrræði Vinnumálastofnunar eiga að gera. Það er þvert á móti undirbúningur fyrir frekara nám og hafa langflestir útskrifaðir nemendur hafið háskólanám í beinu framhaldi þess. Þar sem það er skipulagt á grundvelli laga um háskóla rúmast það ekki heldur innan laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu. Markmiðum þeirra laga svipar engu að síður mjög til almennt skilgreindra markmiða frumgreinakennslunnar, þ.e. „að veita einstaklingum með stutta skólagöngu að baki aukin tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu“, bjóða þeim „viðeigandi námstækifæri og auðvelda þeim að hefja nám að nýju“.

#### RÍKIÐ ÝMIST GREIÐIR EÐA LÁNAR FYRIR NÆR ÖLLUM KOSTNAÐI

Ríkissjóður veitir þeim skólum sem bjóða frumgreinanám árleg framlög vegna kennslunnar. Á árinu 2012 er áætlað að þau nemi alls 256 m.kr. vegna 520 ársnemenda. Að jafnaði greiðir ríkið því um 489 þús.kr. vegna hvers ársnemanda. Það er heldur lægra en nemendaframlög ríkisins til þess framhaldsskóla sem hlýtur lægst framlög þetta ár (551 þús.kr.). Til viðbótar innheimta frumgreinadeildirnar skólagjöld vegna námsins og eru þau að stórum hluta (um 60%) fjármögnuð með skólagjaldalánnum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Veturinn 2010–11 námu slík lán um 91 m.kr. Að auki veitti lánasjóðurinn frumgreinanemendum um 434 m.kr. í framfærslulán. Miðað við þá kostnaðarhlutdeild sem nú er miðað við í fjárlögum, þ.e. að framlag ríkissjóðs sé 47% af útlánum Lánasjóðs íslenskra námsmanna, er ljóst að ríkissjóður greiðir langstærstan hluta þess kostnaðar sem af frumgreinanáminu hlýst. Eðlilegt er því að yfirvöld menntamála hafi faglega aðkomu að náminu, þ.e. hafi áhrif á inntak þess, umfang og þróun og sinni eftirliti með því.

Ekki hefur verið gerð heildstæð og óháð úttekt á árangri frumgreinakennslu íslenskra skóla, ánægju nemenda með námið og hvernig það nýtist þeim við frekari nám og störf. Vaxandi aðsókn að náminu er vissulega skýr vísbending þess að það hefur mælst vel fyrir. Ekki er heldur ástæða til að efast um gildi þess og gagnsemi fyrir þá nemendur sem það höfðar einkum til eða þátt þess í að hækka menntunarstig þeirra og auðvelda þeim að hefja háskólanám. Vísbendingar eru þó um að nemendur frumgreinadeildanna hafi almennt ekki jafn góðar forsendur til að stunda almennt háskólanám og nemendur hefðbundinna framhaldsskóla.

#### Á „GRÁU SVÆÐI“ Í ÍSLENSKU SKÓLAKERFI

Við þetta er því að bæta að námið er augljóslega á „gráu svæði“ í íslensku fræðslu- og skólakerfi sem framhaldsskólanám á vegum háskóla sem lýkur ekki með formlegu stúdentsprófi en veitir samt inngöngu í flest háskólanám. Þá er námið misviðamikil og

að nokkru leyti breytilegt eftir skólum. Að umfangi er það sömuleiðis nokkuð eða jafnvel talvert minna en krafist er til stúdentsprófs í aðalnámskrá framhaldsskóla og enn sem komið er hafa innlendir háskólar ekki gert með sér samkomulag um gagnkvæma viðurkenningu þess. Að lokum eru skiptar skoðanir innan háskólanna um hversu æskilegt það sé að þeir komi að slíku námi og hefur Háskóli Íslands lýst efasemdum sínum um það. Af þessum sökum telur Ríkisendurskoðun rétt að beina eftirfarandi ábendingum til mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## ÁBENDINGAR TIL MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIS

### 1. FELLA Á FRUMGREINANÁMIÐ AÐ ALMENNU FRAMHALDSSKÓLANÁMI

Að mati Ríkisendurskoðunar er óæskilegt að nám sem að verulegu leyti miðar að sama marki og almennt framhaldsskólanám og nýtur sem slíkt fjárstuðnings ríkisins þróist og vaxi án beinnar aðkomu menntayfirvalda. Eins og málum er háttað virðist nærtækt að fella það undir lög um framhaldsskóla, t.d. ákvæði um „viðbótarnám“, og veita mennta- og menningarmálaráðuneyti ábyrgð á stefnumótun, stuðningi og eftirliti með því.

### 2. BÆTA ÞARF LAGAUMGJÖRÐ FRUMGREINAKENNSLUNNAR

Standi vilji menntayfirvalda til þess að viðhalda frumgreinanámi sem valkosti í íslensku menntakerfi er mikilvægt að náminu sé sett skýr og afmörkuð lagaumgjörð, eins og gert hefur verið í Danmörku, þar sem það er skilgreint og tryggt að það njóti sambærilegrar viðurkenningar stjórnvalda og almennt framhaldsskólanám. Með því móti yrði hagsmunum nemenda einnig best borgið.

# VIÐBRÖGÐ VIÐ ÁBENDINGUM

## VIÐBRÖGÐ MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIS

### 1. FELLA Á FRUMGREINANÁMIÐ AÐ ALMENNU FRAMHALDSSKÓLANÁMI

Mennta- og menningarmálaráðuneytið getur tekið undir athugasemd Ríkisendurskoðunar um samhengi milli frumgreinanáms og almenns framhaldsskólanáms á Íslandi. Hvað varðar fyrirsjáanlegar breytingar á lagaumgjörð frumgreinanáms er vísað í svar við ábendingu 2 hér að neðan um endurskoðun á lögum nr. 63/2006, frumvarp sem lagt hefur verið fram á Alþingi á 140. löggjafarþingi 2011–2012. Verði frumvarpið að lögum mun framtíðarskipulag frumgreinanáms taka mið af þeim reglum sem settar verða í kjölfar nýrra laga.

### 2. BÆTA ÞARF LAGAUMGJÖRÐ FRUMGREINAKENNSLUNNAR

Samkvæmt 19. gr. núgildandi laga nr. 63/2006 um háskóla segir að háskólum sé heimilt, að fengnu samþykki ráðuneytis, að bjóða upp á aðfararnám fyrir einstaklinga sem ekki uppfylla inntökuskilyrði í háskóla. Í frumvarpi um endurskoðun laganna, sem greint er frá í svari við ábendingu 1, er m.a. gerð tillaga um eftirfarandi breytingu á 19. gr. laganna þannig að við 3. mgr. bætist við nýr málslíður, svohljóðandi: „Ráðherra er heimilt að gefa út reglur um aðfararnám í háskólum“. Eins og fram kom í svari við fyrri ábendingunni er gert ráð fyrir að settar verði reglur um umgjörð og inntak námsins.



# 1 INNGANGUR

Ríkisendurskoðun er eftirlitsstofnun Alþingis og sækir heimild sína til stjórnsluendurskoðunar í 9. gr. laga nr. 86/1997 um Ríkisendurskoðun. Slík endurskoðun felst í því að kanna meðferð og nýtingu á almannafé og hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri ríkisstofnana. Ríkisendurskoðun gerir hlutaðeigandi stjórnvöldum grein fyrir niðurstöðum sínum og bendir á leiðir til úrbóta í ríkisrekstri.

Á síðustu árum hefur Ríkisendurskoðun vikið að frumgreinanámi íslenskra skóla í tveimur opinberum skýrslum: *Keilir ehf. Ríkisframlög og árangur* (2010) og *Lánasjóður íslenskra námsmanna. Lánshæfi náms og þróun útlána* (2011). Í fyrrnefndu skýrslunni var m.a. þeirri ábendingu beint til mennta- og menningarmálaráðuneytis að gera þyrfti sérstaka úttekt á frumgreinakennslu í landinu og móta um hana samræmdar reglur til að tryggja gæði námsins og hagsmuni nemenda. Óeðlilegt væri að einstakir háskólar og samstarfsaðilar þeirra stjórnuðu ferðinni í þeim efnum.

Í skýrslunni um Lánasjóð íslenskra námsmanna benti Ríkisendurskoðun á hinn bóginn á að lánveitingar sjóðsins vegna frumgreinanáms færu í bága við þá meginhugsun laga um lánasjóðinn að nám við skóla sem veita undirbúningsmenntun til stúdentsprófs eða sambærilegs prófs sé ekki lánshæft. Jafnframt brytu slíkar lánveitingar gegn jafnræði þeirra sem legðu stund á nám til stúdentsprófs. Í framhaldi af þessu ályktaði Ríkisendurskoðun svo að annaðhvort bæri að hætta alveg lánveitingum vegna frumgreinanáms eða breyta lögum um lánasjóðinn í samræmi við framkvæmd og gefa öllum nemendum framhaldsskóla kost á námslánnum.

Rétt þótti að fylgja þessum athugasemdum eftir með sérstakri úttekt sem einskorðaðist við frumgreinanám þeirra þriggja skóla sem bjóða það: Háskólans í Reykjavík, Háskólans á Bifröst og Keilis. Lögð var megináhersla á eftirfarandi atriði:

1. Lagalegt umhverfi námsins og þróun þess á undanförunum árum.
2. Skipulagningu námsins, m.a. inntökuskilyrði, lágmarkseiningafjölda sem ljúka þarf til að útskrifast með frumgreinapróf og afdrif útskrifaðra nemenda.
3. Framlög ríkisins til frumgreinanámsins.

Ríkisendurskoðun aflaði sér m.a. gagna og upplýsinga frá mennta- og menningarmálaráðuneyti, þeim skólum sem bjóða frumgreinanám eða viðurkenna slíka skóla, Lánasjóði íslenskra námsmanna, Vinnumálastofnun og Hagstofu Íslands. Stofnunin þakkar þeim öllum fyrir aðstoðina. Drög að skýrslunni voru send mennta- og menningarmálaráðuneyti og áður nefndum skólum til umsagnar, auk þess sem sérstaklega var óskað eftir viðbrögðum ráðuneytisins við þeim ábendingum sem beint er til þess. Þau viðbrögð eru birt í sérstökum kafla í skýrslunni.

**FYRRI ÚTTEKTIR RÍKIS-  
ENDURSKOÐUNAR  
SEM SNERTA FRUM-  
GREINANÁM**

**MEGINSPURNINGAR  
ÚTTEKTARINNAR**

## 2 UPPRUNI OG FORSENDUR

### 2.1 AÐFARANÁM FYRIR NÁM Á HÁSKÓLASTIGI

Lagalega styðst frumgreinanám íslenskra skóla við heimild í 3. mgr. 19. gr. laga nr. 63/2006 um háskóla. Þar segir að háskólum sé heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis, „að bjóða upp á aðfaranám fyrir einstaklinga sem ekki uppfylla inntökuskilyrði í háskóla“, þ.e. hafa ekki lokið stúdentsprófi eða jafngildu prófi. Í athugasemd við þessa málsgrein lagafrumvarpsins kemur fram að rétt hafi þótt að lög-festa þessa heimild háskólanna þar sem þegar væri boðið upp á aðfaranám við Háskólann í Reykjavík og Viðskiptaháskólann á Bifröst. Réttu ári eftir að lög um háskóla voru endurskoðuð með þessum hætti tók Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs ehf. einnig að bjóða frumgreinanám (háskólabrú) í samstarfi við Háskóla Íslands.

UNDIRBÚNINGUR  
FYRIR HÁSKÓLANÁM

Frumgreinanámið átti sér allanga sögu í íslensku skólakerfi þegar sett var sérstakt lagaákvæði um það. Uppruna þess má rekja til heimildar sem Tækniskóli Íslands fékk við stofnun sína árið 1964 til að starfrækja sérstaka undirbúningsdeild á framhaldsskólastigi („frumgreinadeild“). Deildin var einkum ætluð nemendum sem hugðu á nám við skólann og höfðu nægilega verklega þjálfun en skorti kennslu „í undirstöðuatriðum tæknifræðináms, svo sem stærðfræði og eðlisfræði“ (sbr. lög nr. 25/1963 um Tækniskóla Íslands). Þeir einir fengu þar inngöngu sem höfðu lokið sveinsprófi úr iðnskóla eða höfðu miðskólapróf og nægilega verklega þjálfun. Skólanum var heimilt að láta nemendur gangast undir sérstakt inntökupróf til að skera úr um hvort þeir uppfylltu þær kröfur.

UPPHAFLEGA HUGSAÐ  
FYRIR IÐNSKÓLA-  
GENGNA NEMENDUR

Frá og með árinu 1972 var undirbúningsnám Tækniskólans tveggja vetra nám og lauk með svonefndu „raungreinadeildarprófi“ sem almennt var talið nægja til inngöngu í verkfræði og tæknifræði á háskólastigi. Skólinn hélt heimild sinni til að bjóða slíkt nám þegar hann færðist á háskólastig árið 2002 og tók upp heitið Tækniháskóli Íslands. Þegar skólinn sameinaðist svo Háskólanum í Reykjavík árið 2005 var frumgreinadeildin felld undir tækni- og verkfræðideild háskólans. Árið 2008 var hún loks sett undir Opna háskólann í Háskólanum í Reykjavík og nafninu breytt í FrumgreinaMennt.

Meginfyrirmynd frumgreinadeildar Tækniskóla Íslands var á sínum tíma sótt til Danmerkur, þar sem tækniháskólar höfðu um nokkurt skeið boðið upp á 1–3 anna sérhæft undirbúningsnám fyrir þá sem hugðu á tækni- eða verkfræðinámi við skólana en skorti stúdentspróf eða sambærilega menntun. Þetta nám (*adgangskursus til ingeniørdannelse*) er enn við lýði við danska tækniháskóla og er sem fyrr einkum ætlað einstaklingum sem hafa iðnmenntun eða a.m.k. tveggja ára starfsreynslu og stefna að tækni- eða verkfræðinámi. Það tekur nú tvær til þrjár annir, allt eftir fyrri undirbúningi nemenda, og er megináhersla lögð á stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði auk dönsku

FYRIRMYND FRÁ  
DANMÖRKU



og ensku. Almennir háskólar, t.d. Háskólinn í Kaupmannahöfn, bjóða ekki slíkt nám og viðurkenna það einungis sem fullgilt inntökupróf í tiltekið háskólanám (matvælafræði, skóg- og landslagsfræði). Allmargir Íslendingar hafa fyrr og síðar stundað slíkt aðfaranám við danska tækniháskóla og þáðu t.d. alls 25 nemendur framfærslulán frá Lána-sjóði íslenskra námsmanna vegna slíks náms veturinn 2010–11.

Um aðfaranám danskra skóla gildir bæði sérstök reglugerð menntamálaráðuneytis (*Bekendtgørelse nr. 236/2012 om adgangskursus og adgangseksamen til ingeniøruddannelserne*) og námskrá (*Studieordning for adgangskursus og adgangseksamen til ingeniøruddannelserne*) sem ráðuneytið staðfestir. Þar er m.a. kveðið á um hvaða skólar hafi heimild til að bjóða slíkt nám, þ.e. einungis viðurkenndir skólar, lengd þess, inntökuskilyrði, markmið, skyldubundnar og valfrjálssar námsgreinar, námskröfur og prófafyrirkomulag. Í reglugerðinni kemur einnig fram að kennslan sé nemendum að kostnaðarlausu að námsgögnum undanskildum og að skjóta megi til ráðuneytisins kærumálum sem varða ákvarðanir einstakra skóla á grundvelli reglugerðarinnar.

## SKÝRAR REGLUR UM FRUMGREINANÁM Í DANMÖRKU

## 2.2 EÐLI OG LAGALEG STAÐA FRUMGREINANÁMSINS

Í lögum um háskóla eða athugasemdum við þau er ekki vikið að eðli eða inntaki þess aðfaranáms sem íslenskum háskólum er heimilað að bjóða upp á. Það er t.d. hvorki takmarkað við tiltekna námsgreinar eða fræðasvið háskóla né bundið afmörkuðum hópi nemenda, eins og gert er í Danmörku. Vera kann að þar hafi verið tekið tillit til þeirrar staðreyndar að frumgreinanám hér á landi hafði þegar við lagasetninguna þróast nokkuð frá upphaflegu markmiði sínu að mæta þörfum iðnskólagenginna einstaklinga sem stefndu að tækni- eða verkfræðinámi á háskólastigi. Þegar Samvinnuskólinn á Bifröst færðist á háskólastig árið 1988 og tók upp heitið Viðskiptaháskólinn á Bifröst hóf hann strax að gefa samvinnuskólagengum nemendum kost á sérstöku undirbúningsnámi svo að þeir uppfylltu inntökuskilyrði skólans vegna viðskiptafræðináms á háskólastigi.

## ENGIN ÁKVÆÐI UM EÐLI EÐA INNTAK NÁMSINS

Með lagasetningunni árið 2006 og samstarfi Keilis og Háskóla Íslands ári síðar opnaðist endanlega möguleiki á að þróa frumgreinanámið í að verða nokkurs konar óformleg hliðstæða hefðbundins framhaldsskólanáms sem miðar að stúdentsprófi. Nú var í fyrsta sinn tekið að bjóða almennt deildarskipt frumgreinanám sem veitti inngöngu í háskóla með afar víðfeðmt námframboð. Þá stendur þetta nám nú öllum eldri nemendum til boða en ekki einungis þeim sem hafa lokið iðn- eða starfsnámi og miða skólar ýmist við 20 eða 25 ára aldur. Námið minnir því nú um flest á hefðbundnar öldungadeildir framhaldsskóla utan hvað kennsla fer ekki fram á kvöldin heldur í dag-skóla eða með fjarkennslu.

## ÓFORMLEG HLIÐSTÆÐA HEFÐBUNDINS FRAMHALDSSKÓLANÁMS

Faglega séð tekur frumgreinanámið einnig að mörgu leyti mið af framhaldsskólanámi og hafa skólarnir lagt sérstaka áherslu á að semja það að lögum og aðalnámskrá framhaldsskóla og því einingakerfi sem framhaldsskólanám byggir á (framhaldsskólaeiningum). Engu að síður gilda lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla ekki um frumgreinanámið og ólíkt öðru námi á framhaldsskólastigi lýtur það hvorki yfirstjórn mennta- og menningarmálaráðuneytis né nýtur viðurkenningar þess. Ráðherra staðfestir hvorki námskrár og námsbrautarlýsingar skólanna né ber ábyrgð á eftirliti með stjórnslu og skólastarfi. Þá er námið talsvert viðamína en hefðbundið framhaldsskólanám (sjá

## NÁMIÐ LÝTUR EKKI YFIRSTJÓRN RÁÐUNEYTIS MENNTAMÁLA



síðar) og því lýkur ekki með formlegu framhaldsskólaprófi, starfsréttindaprófi eða stúdentsprófi.

#### EKKI VIÐURKENNT NÁM Í SKILNINGI LAGA UM HÁSKÓLA

Þótt frumgreinanámið heyri undir lög um háskóla fellur það ekki heldur undir neitt þeirra fræðasviða á háskólastigi eða undirflokkum þeirra sem viðurkenning mennta- og menningarmálaráðuneytis á háskólum er bundin við, sbr. 3. gr. laga um háskóla og reglur nr. 1067/2006 um viðurkenningu háskóla. Það er því formlega séð ekki heldur viðurkennt nám í skilningi laga um háskóla. Það er á ábyrgð einstakra háskóla sem bjóða frumgreinanám eða eiga í samstarfi við aðra skóla um það að meta námið og sjá til þess að það uppfylli sömu kröfur um undirbúning undir háskólanám og stúdentspróf eða jafngilt próf.

#### EKKI GAGNKVÆM VIÐURKENNING Á NÁMINU

Enn sem komið er hafa innlendir háskólar ekki gert með sér samkomulag um gagnkvæma viðurkenningu frumgreinanámsins. Að því leyti er ekki tekið mið af 9. gr. laga um háskóla þar sem lögð er áhersla á samstarf íslenskra háskóla um viðurkenningu námsþátta milli skóla. Markmið slíkrar viðurkenningar er „að auðvelda nemendum að færa sig milli háskóla eða taka hluta af námi í einum íslenskum háskóla og fá það viðurkennt að fullu í öðrum“, svo að vitnað sé í athugasemd við frumvarp til laga um háskóla. Einnig hér er ástæðan sú að frumgreinanámið er ekki á háskólastigi og fellur ekki undir neitt fræðasvið háskólanna. Það kemur því í hlut einstakra háskóla að meta hvort það fullnægir þeim meginskilyrðum sem lög um háskóla gera við innritun nýnema, þ.e. hvort það teljist sambærilegt stúdentsprófi eða jafngildu prófi. Fyrst þá fær námið ígildi stúdentsprófs. Slíkt mat er að hluta til bundið í reglur háskólanna en að hluta til háð einstaklingsbundnu mati þeirra á umsækjendum.

Bæði Háskólinn í Reykjavík og Háskólinn á Bifröst meta lokapróf frá eigin frumgreinadeildum jafngilt stúdentsprófi og hefur stór hluti útskrifaðra nemenda hafið háskólanám innan sama skóla. Einkunnir á lokaprófi ráða þó miklu um hvort nemendur fá skólavist eða ekki. Eitt og sér er frumgreinanámið því ekki ávísun á skólavist.<sup>1</sup> Hvorugur þessara skóla hefur á hinn bóginn sett reglur um hvernig frumgreinanám frá öðrum skólum er metið eða hvort það sé almennt talið fullnægja inntökuskilyrðum skólanna. Tekin er afstaða til slíks í einstökum tilvikum og munu dæmi um að nemendur með frumgreinapróf úr öðrum skólum fái inngöngu.

Í reglum nr. 319/2009 um inntökuskilyrði í grunnnám við Háskóla Íslands kemur fram að langflestar háskóladeildir skólans meta lokapróf frá frumgreinadeild Keilis fullnægjandi til inngöngu. Í nokkrum tilvikum er þó gerð krafa um próf frá tilteknum frumgreinadeildum Keilis, t.d. verk- og raunvísindadeild. Fjórar deildir Háskóla Íslands, þ.e. hjúkrunarfræðideild, tannlæknadeild, kennaradeild og íþróttá-, tólmstunda- og þroskaþjálfadeild, tilgreina ekki sérstaklega í reglum sínum að frumgreinanám Keilis sé fullnægjandi inntökuskilyrði. Samkvæmt upplýsingum frá Háskóla Íslands geta nemendur

---

<sup>1</sup> Vert er að geta þess að eitt og sér tryggir stúdentspróf ekki heldur sjálfkrafa aðgang að öllu námi á háskólastigi. „Einstakir háskólar eða háskóladeildir geta sett ýmsar sérkröfur sem nemendur þurfa einnig að uppfylla og í sumum tilvikum geta nemendur þurft að gangast undir inntökupróf“, sbr. *Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011*, bls. 49.

þó sótt um nám í þessum deildum og eru umsóknir þeirra þá meðhöndlaðar eins og undanþáguumsóknir. Í sumum tilvikum komast þeir inn en í öðrum tilvikum ekki.

Í reglum Háskóla Íslands kemur einnig fram að allmargar deildir skólans meta lokapróf af frumgreinasviði Háskólans í Reykjavík sambærilegt stúdentsprófi og nokkuð mun um að nemendur þaðan leggi stund á háskólanám við Háskóla Íslands. Ekki er þess hins vegar getið hvernig frumgreinanám frá Háskólanum á Bifröst er metið og raunar stundaði enginn nemandi þaðan grunnnám við Háskóla Íslands á árunum 2008–11.

Að mati Ríkisendurskoðunar er lagaleg staða frumgreinanáms hér á landi afar óheppileg. Eðlilegt væri að námið yrði fellt undir lög og aðalnámskrá framhaldsskóla og mennta- og menningarmálaráðuneyti fengi þar með sömu ábyrgð á stefnumótun, stuðningi og eftirliti með því og almennu framhaldsskólanámi. Með því móti yrði einnig tryggt að námið nyti sambærilegrar viðurkenningar stjórnvalda og framhaldsskólanám og að nemendur byggju við sömu réttindi og almennir framhaldsskólanemendur. Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um háskóla, sem lagt var fyrir Alþingi 24. janúar 2012, er að nokkru leyti komið til móts við þessi sjónarmið. Þar er ráðgert eftirfarandi nýmæli í 19. gr. laganna: „Ráðherra er heimilt að gefa út reglur um aðfaranám í háskólum.“ Í athugasemd við þessa grein frumvarpsins segir:

Þar sem um er að ræða framhaldsskólanám er talið viðeigandi að settur verði ákveðinn rammi um námið, þar sem fram kemur á hvaða skólastigi námið er og að farið sé eftir viðmiðum um framhaldsskólanám, t.d. um viðurkennda námskrá og einingar.

Ríkisendurskoðun telur fulla ástæðu til að ganga enn lengra og taka afstöðu til þeirrar meginspurningar hvort yfirleitt sé æskilegt að háskólar sinni eða beri ábyrgð á námi sem er á framhaldsskólastigi og eðli málsins samkvæmt ætti fremur að fara fram innan opinberra framhaldsskóla eða annarra skóla sem njóta viðurkenningar mennta- og menningarmálaráðuneytis til kennslu á framhaldsskólastigi skv. 12. gr. laga framhaldsskóla. Ekkert virðist mæla gegn því að þeir skólar sem nú bjóða frumgreinanám óski slíkrar viðurkenningar kjósi þeir það og raunar hefur Keilir nú þegar heimild til að bjóða nám á framhaldsskólastigi á tilteknum námsbrautum, þó ekki nám til stúdentsprófs.

Það sjónarmið sem hér er sett fram á sér raunar nokkurn hljómgrunn innan háskólakerfisins. Í svörum sínum við spurningalista Ríkisendurskoðunar um frumgreinanám á vegum íslenskra háskóla frá 31. október 2011 lýstu fulltrúar Háskóla Íslands eftirfarandi skoðun sinni:

[A]ð mati háskólans væri eðlilegra að undirbúningsnám fyrir háskólanám fari fram innan þess skólastigs sem hefur með það að gera og er sérstaklega skipulagt til þess. [...] Nám af þessu tagi fellur ekki að háskólastarfsemi. Námið er eðlisólíkt háskólanámi, efnistöku eru önnur og skipulag með öðrum hætti.

Fulltrúar Háskóla Íslands ítrekuðu þessa skoðun í skriflegum athugasemdum sínum við drög að þessari skýrslu frá 9. maí 2012. Þar segir m.a.:

**FELLA BER NÁMIÐ  
UNDIR LÖG OG  
AÐALNÁMSKRÁ  
FRAMHALDSSKÓLA**

**FRUMGREINADEILDIR  
NJÓTI VIÐURKENNINGAR  
RÁÐUNEYTIS**

**NÁMIÐ FELLUR EKKI  
AÐ HÁSKÓLA-  
STARFSEMI**

Háskóli Íslands styður eindregið það sjónarmið sem fram kemur í ábendingum Ríkisendurskoðunar til mennta- og menningarmálaráðuneytis (bls. 5) um að fella beri frumgreinanám undir lög um framhaldsskóla. Háskólinn hefur ítrekað bent á að nám sem er á framhaldsskólastigi eigi að lúta lögum um framhaldsskóla og vera á ábyrgð ráðuneytisins eins og annað nám á framhaldsskólastigi – og því beri að fella úr lögum um háskóla (nr. 63/2006) ákvæði um að háskólum sé heimilt, með samþykki ráðherra, að bjóða upp á aðfarnám fyrir einstaklinga sem ekki uppfylla inntökuskilyrði í háskóla. Þetta er verkefni sem tilheyrir öðru skólastigi og er hlutverk og verkefni framhaldsskólans sem hefur til þess faglegar forsendur.

Fulltrúar hinna háskólanna tveggja, Háskólans í Reykjavík og Háskólans á Bifröst, töldu á hinn bóginn æskilegt að halda í núverandi fyrirkomulag, enda henti námið vel þörfum þess hóps sem sækir það og hafi reynt góð viðbót við það nám sem hefðbundnir framhaldsskólar bjóða.

### 2.3 VIÐBÓTARNÁM VIÐ FRAMHALDSSKÓLA

Ljóst er að frumgreinanámið er ekki eini valkostur þeirra sem lokið hafa hluta framhaldsskólanáms og stefna að því að uppfylla inntökuskilyrði háskóla eða tækniháskóla. Í því sambandi má benda á að samkvæmt lögum um framhaldsskóla hafa framhaldsskólar ekki aðeins ríka heimild til að bjóða þeim sem lokið hafa skilgreindu námi á framhaldsskólastigi sérstakt viðbótarnám til stúdentsprófs (sbr. 20. gr.) og nám utan reglubundins daglegs starfstíma framhaldsskóla og í fjarnámi (sbr. 45. gr.) heldur einnig til að standa fyrir námskeiðahaldi og fræðslu fyrir fullorðna og eiga aðild að rekstri símenntunarmiðstöðvar (sbr. 54. gr.). Formlega séð virðist því fátt standa í vegi fyrir því að frumgreinanáminu sé sinnt innan framhaldsskólanna.

Viðbótarnámið vekur sérstaka athygli í þessu samhengi en það felur í sér almennt bóknám sem lýkur með formlegu stúdentsprófi og er einkum ætlað nemendum sem hafa lokið skilgreindu tveggja til fjögurra ára starfsnámi á framhaldsskólastigi eða námi á listnámsbrautum. Námið er því skipulagt þannig að nemendur uppfylli lágmarkskröfur um undirbúningsnám fyrir nám við háskóla á Íslandi. Gert er ráð fyrir að hluti þess geti í einhverjum tilvikum verið metinn til eininga á háskólastigi, þ.e. teljist það vera umfram nám til stúdentsprófs og uppfylla sambærilegar námskröfur og háskólar gera.

Með viðbótarnáminu var á sínum tíma leitast við að koma á meira jafnræði með bóknámi og starfsnámi á framhaldsskólastigi en áður hafði verið þegar horft er til möguleika nemenda á áframhaldandi námi. Það má því segja að markmið þess hafi verið svipað eða sama og frumgreinanámsins í öndverðu. Í athugasemdum við frumvarp til laga um framhaldsskóla er það enda kallað „fornám á framhaldsskólastigi fyrir nám í háskóla“. Eins og áður var nefnt er markhópur viðbótarnámsins einnig sá sami og hins upphaflega frumgreinanáms, þ.e. nemendur sem hafa lokið starfs- eða listnámi á framhaldsskólastigi. Innan einstakra framhaldsskóla er þetta nám því stundum kallað „tæknistúdentspróf“ eða „iðnstúdentspróf“ og talið henta vel þeim sem ætla sér að stunda háskólanám í tæknigreinum, t.d. iðntækni- eða rafmagnsverkfræði eða tækni- fræði.

**SINNA MÁ FRUM-  
GREINANÁMI INNAN  
FRAMHALDSSKÓLANNA**

**VIÐBÓTARNÁMIÐ SEM  
FORNÁM FYRIR NÁM Í  
HÁSKÓLA**

Á síðustu tíu árum hefur þeim sem stunda slíkt viðbótarnám til stúdentsprófs fjölgað úr 60 í rúmlega 250 haustið 2011 og er það í boði við fjölmarga framhaldsskóla um allt land, einkum fjölbrauta- og verkmenntaskóla. Langflestir nemendur, um 80% þeirra, stunda námið í dagskóla. Við suma skóla er það þó líka boðið í kvöldskólum eða sem fjarnám.

Þar sem frumgreinanámið er í langflestum tilvikum nokkurs konar viðbótarnám, þ.e. gerð er krafa um að nemendur hafi þegar lokið hluta framhaldsskólanáms áður en þeir hefja frumgreinanám (1–3 árum), væri að mati Ríkisendurskoðunar ekki fráleitt að fella það undir „viðbótarnám við framhaldsskóla“ og setja það þar með í þá umgjörð sem löggjafinn hefur sett framhaldsskólanámi hér á landi.

**FELLA MÁ NÁMIÐ  
UNDIR „VIÐBÓTAR-  
NÁM VIÐ FRAM-  
HALDSSKÓLA“**

## 2.4 ANNARS KONAR UNDIRBÚNINGSNÁMSKEIÐ HÁSKÓLANNA

Þegar rætt er um frumgreinanám íslenskra háskóla er raunar vert að geta þess að það er ekki eina undirbúnings- eða aðfaranámið sem þeir bjóða. Einstakir háskólar hafa um nokkurra ára skeið boðið þeim sem þegar uppfylla formleg inntökuskilyrði (stúdentspróf eða jafngildi þess) stök undirbúnings- eða upprifjunarnámskeið á tilteknum sviðum. Námskeið þessi eru ýmist valfrjáls eða skyldubundin og hugsuð sem almennur grunnur að háskólanámi eða sérstakur undirbúningur fyrir nám í tilteknum háskólagreinum.

Haustið 2011 voru eftirfarandi valfrjáls námskeið fyrir nýnema í boði við Endurmenntun Háskóla Íslands: Akademísk vinnubrögð, Aðfaranám í almennri efnafræði, Stærðfræði fyrir nýnema á verkfræði- og raunvísindasviði, Undirbúningsnámskeið fyrir nýnema í lögfræði og Námstækni. Kennslan var að hluta til í höndum starfandi kennara eða sérfræðinga Háskóla Íslands og eingöngu fjármögnuð með námskeiðsgjöldum nemenda. Á sama hátt bauð Háskólinn á Akureyri nýnemum upp á nokkur valfrjáls aðfaranámskeið í tilteknum greinum haustið 2011, þ.e. í fjárhagsbókhaldi, efnafræði, stærðfræði og Excel.

**EIGINLEG  
UNDIRBÚNINGSNÁMSKEIÐ  
HÁSKÓLANNA**

Bæði Háskóli Íslands og Háskólinn í Reykjavík bjóða einnig þeim sem sækja um aðgang að tilteknum námsgreinum en uppfylla ekki öll inntökuskilyrði sérstök undirbúningsnámskeið. Til að fá inngöngu í diplománám í iðn- og byggingafræði við Háskólann í Reykjavík er t.d. krafist tiltekins bóklegs undirbúnings umfram bóklegt nám til sveinsprófs. Af þeim sökum býður skólinn sérstakt hnitmiðað undirbúningsnám í fjarnámi (stærðfræðigrunn, raungreinagrunn og tungumálagrunn I og II / enska og íslenska) og mun það aðgengilegasta leiðin fyrir flesta til að ljúka undirbúningsnámi samhliða iðnfræði. Einnig er hægt að taka aðra önn í frumgreinadeild skólans og telst það fullnægjandi undirbúningsnám. Við hagfræðideild Háskóla Íslands er á sama hátt gerð krafa um að þeir nemendur sem vilja hefja meistaranám í hagfræði og hafa ekki lokið BA eða BS prófi í hagfræði frá Háskóla Íslands eða öðrum skólum ljúki áður tilteknu undirbúningsnámi sem umsjónarmenn námsins meta hversu viðamikil skuli vera og í hverju skuli felast.

Slík sérhæfð undirbúningsnámskeið – ekki síst hin skyldubundnu – virðast að mörgu leyti standa nær upphaflegri hugmynd um frumgreinanám en það frumgreinanám sem þróast hefur á undanförunum árum.

## 2.5 FRAMHALDSFRÆÐSLA OG VINNUMARKAÐSÚRRÆÐI

Auk þess að vera almennur undirbúningur fyrir háskólanám hefur frumgreinanámið á síðustu árum og misserum orðið snar þáttur í almennri framhaldsfræðslu og vinnumarkaðsúrræðum stjórnvalda. Í upphafi átti þetta ekki síst við um frumgreinanám Keilis. Samkvæmt fyrsta samningi menntamálaráðuneytis, Háskóla Íslands og Keilis um þetta nám frá 12. nóvember 2008 var það hugsað sem „liður í mótvægisáðgerðum ríkisstjórnarinnar vegna samdráttar í þorskkvóta sem og stefnumarkandi ákvörðunum í byggðamálum“.<sup>2</sup> Sama klausa var í samningi þessara aðila frá 31. desember 2009 og í samningi þeirra frá 7. maí 2010 var sérstök grein um vinnumarkaðsúrræði skólans og framlag ríkissjóðs vegna þeirra. Í núgildandi samningi aðilanna frá 9. desember 2011 er þess loks getið að Keilir taki þátt í verkefninu *Nám er vinnandi vegur* og fái framlag vegna þess frá Vinnumálastofnun.

Vinnumálastofnun annast skipulag vinnumarkaðsúrræða, þar á meðal námsúrræði, samkvæmt lögum nr. 55/2006 um vinnumarkaðsaðgerðir og reglugerð nr. 12/2009 um þátttöku atvinnuleitenda sem tryggðir eru innan atvinnuleysistryggingakerfisins í vinnumarkaðsaðgerðum og um búferlastyrki. Í 5. gr. reglugerðarinnar er slíkt úrræði bundið atvinnuleitendum og starfstengdu námi:

Vinnumálastofnun er heimilt að gera námssamning við atvinnuleitanda sem er tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins enda ekki talið líklegt að atvinnuleitanda verði boðið starf á næstu vikum að mati ráðgjafa Vinnumálastofnunar. Með námssamningnum skuldbindur atvinnuleitandinn sig til að stunda að fullu starfstengt nám sem hann hefur valið sér í samráði við ráðgjafa Vinnumálastofnunar eftir að færni hans og staða hefur verið metin og greiðir Vinnumálastofnun honum á sama tíma atvinnuleysisbætur sem hann á rétt til á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar.

Í reglugerð nr. 13/2009 um nám og námskeið sem eru viðurkennd sem vinnumarkaðsúrræði er slíkt nám listað upp og tengist það aðallega námi og námskeiðum sem haldin eru á vegum fræðslustofnana atvinnulífsins, símenntunarmiðstöðva, endurmenntunarstofnana háskólanna og endurhæfingarmiðstöðva. Undir þetta úrræði getur þó líka fallið nám á verk- og starfsnámsbrautum á framhaldsskólastigi og „frumgreinanám sem boðið er á forsendum fullorðinsfræðslu“. Sérstaklega er tekið fram að nám „sem er lánshæft samkvæmt reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna, hvort sem um er að ræða dag- eða kvöldskóla eða fjarnám, telst [...] ekki námsúrræði skv. d-lið 1. mgr. 12. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Hið sama gildir um nám á námsbrautum sem leiða til stúdentsprófs hjá framhaldsskólum“. Samkvæmt þessu ákvæði fellur einungis lítill hluti frumgreinanámsins undir vinnumarkaðsúrræði, þ.e. fyrsta önn námsins við Háskólann í Reykjavík.

<sup>2</sup> Sama átti við um það frumgreinanám sem fór fram við Háskólasetur Vestfjarða í samvinnu við Háskólann í Reykjavík.

Í reglugerðum frá árunum 2010 og 2011 var heimild Vinnumálastofnunar til að gera námssamning við atvinnuleitanda rýmkuð nokkuð. Samkvæmt reglugerð nr. 116/2010 er „Vinnumálastofnun heimilt þegar sérstaklega stendur á að viðurkenna nám á námsbrautum sem leiða til stúdentsprófs hjá framhaldsskólum sem vinnumarkaðsúrræði“. Í reglugerð nr. 782/2011 bættist síðan við eftirfarandi bráðabirgðaákvæði:

Þrátt fyrir 2. mgr. 1. gr. telst nám sem er lánshæft samkvæmt reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna, hvort sem um er að ræða dag- eða kvöldskóla eða fjarnám, og nám á námsbrautum sem leiða til stúdentsprófs hjá framhaldsskólum sem námsúrræði skv. d-lið 1. mgr. 12. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir enda hafi Vinnumálastofnun viðurkennt námið sem lið í vinnumarkaðsúrræðinu Nám er vinnandi vegur.

Með þessu ákvæði, sem gildi raunar einungis til 31. desember 2011, bauðst þeim frumgreinanemendum sem verið höfðu atvinnulausir í meira en sex mánuði kostur á einnar annar námssamningi við Vinnumálastofnun á haustönn 2011. Alls nýttu 113 frumgreinanemendur sér þann möguleika. Þar af voru 82 í lánshæfu námi. Auk þess sem nemendur héldu atvinnuleysisbótum fengu skólarnir 400 þús.kr. eingreiðslu vegna hvers nemanda til að mæta kennslukostnaði og innritunargjöldum. Þar af skyldi verja 50 þús.kr. í sérstaka persónulega aðstoð og stuðning við nemandann. Alls námu greiðslur Vinnumálastofnunar til frumgreinadeildanna þriggja því um 45 m.kr.

Slíkar aðgerðir kunna að vera réttlætanager sem bráðabirgða- eða skammtímalausn. Óvíst er hins vegar hversu heppilegar þær eru þegar til lengri tíma er litið. Í því sambandi er m.a. vert að hafa í huga að frumgreinanámið er í eðli sínu ekki „starfstengt nám“, nám sem auðveldar nemendum að leita sér að vinnu eða nám sem miðar að sjálfsstyrkingu, eins og námsúrræðum Vinnumálastofnunar er ætlað að vera. Það er þvert á móti undirbúnings- eða aðfaranám að frekara námi. Eins og síðar verður vikið að hafa flestir nemendur líka valið þá leið að loknu prófi.

Í þessu sambandi er einnig rétt að geta þess að sem nám á vegum háskóla rúmast frumgreinanámið ekki innan laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu en þau taka til hvers konar náms, úrræða og ráðgjafar á vegum viðurkennds fræðsluaðila sem ætlað er að mæta þörfum einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki og er ekki skipulagt á grundvelli laga um framhaldsskóla eða háskóla. Markmiðum þeirra laga svipar engu að síður mjög til almennt skilgreindra markmiða frumgreinakennslunnar, þ.e. „að veita einstaklingum með stutta skólagöngu að baki aukin tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu“, bjóða þeim „viðeigandi námstækifæri og auðvelda þeim að hefja nám að nýju“.

### 113 FRUMGREINA- NEMENDUR Á NÁMSSAMNINGI

### NÁMIÐ RÚMAST EKKI INNAN LAGA UM FRAMHALDSFRÆÐSLU



## 3 MARKMIÐ OG SKIPULAG NÁMSINS

### 3.1 MARKMIÐ FRUMGREINANÁMSINS

Eins og fram hefur komið er frumgreinanáminu fyrst og fremst ætlað að veita nauðsynlegan undirbúning fyrir nám á háskólastigi. Talsmenn allra þeirra skóla sem bjóða það benda á að með náminu sé einkum leitast við að koma til móts við fullorðna einstaklinga sem ekki luku framhaldsskólanámi á sínum tíma, hafa oft ekki stundað skólanám í mörg ár og eiga jafnvel við ýmiss konar námsörðugleika að etja, t.d. lesblindu eða athyglisbrest. Á móti þessum annmörkum vegi að nemendurnir hafi oft viðtæka reynslu úr atvinnulífinu og séu tilbúnir að leggja hart að sér. Námið sé skipulagt út frá forsendum þessara nemenda sem ættu erfitt með að stunda nám við hefðbundna framhaldsskóla við hlið mun yngri nemenda. Sérstaklega sé leitast við að auðvelda þeim að hefja nám að nýju, styðja enn betur við bakið á þeim en gert er innan hefðbundinna framhaldsskóla, m.a. með öflugum aðhaldi og námsráðgjöf, og gefa þeim þar með „annað tækifæri“ til að halda áfram námi.

Þrátt fyrir þessi sameiginlegu markmið með náminu er samkvæmt upplýsingum háskólanna sjálfra nokkur áherslumunur á því eftir skólum. Einungis Háskólinn á Bifröst virðist skipuleggja það sem raunverulegan undanfara þess tiltekna háskólanáms sem fram fer við skólann, þ.e. því er „ætlað að veita undirbúning fyrir þær námsgreinar sem kenndar eru við háskóladeildir skólans en þær eru [...] heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði (HHS), viðskiptalögfræði og viðskiptafræði“. Í samræmi við þetta halda flestir nemendur áfram námi við háskóladeildir skólans að frumgreinanámi loknu. Ekki virðist mikið um að nemendur sækji í aðra háskóla.

Enn sem komið er ber námið við Háskólann í Reykjavík einnig nokkurn svip af því frumgreinanámi sem Tækniskólinn bauð á árum áður. Samkvæmt svörum fulltrúa Háskólans í Reykjavík er því þó ætlað að vera „almennur undirbúningur fyrir háskólanám þar sem áhersla er lögð á þau lykilmög sem eru grunnur flestra háskólanámsbrauta“. Nemendur hafa því að einhverju marki leitað í aðra háskóla en Háskólann í Reykjavík að námi loknu. Eins og síðar er vikið að ráðgerir háskólinn einnig að bjóða upp á tvær frumgreinalínur, þ.e. raungreinalínu og félagsvísindalínu, frá og með haustinu 2012.

Þá geta fulltrúar Háskóla Íslands þess að frumgreinanám Keilis sé skipulagt þannig „að einstakar brautir þess undirbúi nemendur fyrir háskólanám á ákveðnum fræðasviðum“. „Ekki er unnt að segja að deildin hafi faglega sérstöðu miðað við almennt nám íslenskra framhaldsskóla.“ Frumgreinadeildir Keilis hafa þó verið þróaðar í samstarfi við einstakar deildir Háskóla Íslands og útskrifaðir nemendur hafa sérstaklega leitað þangað í frekara nám.

KOMIÐ TIL MÓTS  
VIÐ FULLORÐNA  
EINSTAKLINGA ÁN  
STÚDENTSÞRÓFS

ÁHERSLUMUNUR  
EFTIR SKÓLUM

## 3.2 STAÐA FRUMGREINANÁMSINS

Sem valkostur í íslensku menntakerfi hefur frumgreinanámið styrkst mjög í sessi á síðustu árum, einkum með tilkomu Keilis árið 2007. Síðan þá hefur skráðum frumgreinanemendum að hausti fjölgað úr um 350 í 643 haustið 2011. Þar af stunduðu 249 (39%) nám við frumgreinadeild Háskólans í Reykjavík, 112 (17%) við frumgreinadeild Háskólans á Bifröst og 282 (44%) við frumgreinadeildir Keilis (staðarnám og fjarnám við Ásbrú á Reykjanesi og staðarnám á Akureyri). Ekki er að efa að námið hefur reynst viss viðbót í íslensku skólakerfi. Um leið er ljóst að það hefur að nokkru leyti tekið við því hlutverki sem öldungadeildir (kvöldskólar) framhaldsskólanna höfðu á árum áður, enda höfðar það til sama markhóps og slíkar deildir, þ.e. fólks sem er komið af hefðbundnum aldri framhaldsskólanema (16–20 ára) og hefur ekki lokið stúdentsprófi en býr í mörgum tilvikum að nokkurri starfsreynslu úr atvinnulífinu.


Á árunum 2001–07 höfðu öldungadeildir og aðrir kvöldskólar á framhaldsskólastigi allsterka stöðu í íslensku menntakerfi og þeirri fullorðinsfræðslu sem þá var í boði. Kennt var við fjórtán mennta-, fjölbrauta- og verkmenntaskóla um allt land þegar mest lét og voru skráðir nemendur að hausti yfirleitt um og yfir 2.000. Sömuleiðis gáfu allmargir skólar (allt að þrettán) kost á fjarnámi og voru skráðir nemendur í slíku námi að hausti yfirleitt 1.100–1.300. Síðan þá hefur þróunin stefnt niður á við og haustið 2010 má tala um sannkallað hrun. Þá buðu einungis fimm mennta-, fjölbrauta- og verkmenntaskólar kvöldnám og voru nemendur innan við 900. Þessi þróun gekk heldur til baka haustið 2011 þegar skráðir nemendur voru rúmlega 1.000.

Frumgreinanámið hefur vissulega ekki tekið við öllum þeim nemendafjölda sem áður stundaði kvöldnám við framhaldsskólana þótt það hafi eflst mjög undanfarin ár. Munurinn á fjölda þeirra sem nýta sér þessi kennsluform fer hins vegar stöðugt minnkandi og ef fram fer sem horfir má búast við að frumgreinanemendur verði orðnir álíka margir ef ekki fleiri en kvöldskólanemendur innan fárra missera.

SKRÁÐUM  
NEMENDUM  
FJÖLGAÐ MIKIÐ

VÆGI ÖLDUNGA-  
DEILDA OG KVÖLD-  
SKÓLA HEFUR  
MINNKað

3.1 Skráðir nemendur kvöldskóla og frumgreinadeilda að hausti 2007–11\*



Sá er meginmunur á kvöldnámi (öldungadeildum) framhaldsskólanna og frumgreinanáminu að fyrrnefnda námið er í flestum eða öllum meginatriðum sambærilegt við dagdeildir framhaldsskólanna. Það fylgir sömu námskrá og námsbrautarlýsingum og þær og lýkur með formlegu stúdentsprófi. Það tekur því alla jafna lengri tíma að ljúka því en frumgreinanámi. Nemendur kvöldskólanna hafa þó haft heldur meiri sveigjanleika en nemendur dagdeildanna enda hafa margir hverjir stundað nám sitt með vinnu. Sem fyrr segir stendur frumgreinanámið á hinn bóginn utan eiginlegs framhaldsskólakerfis og lýkur ekki með stúdentsprófi þótt það veiti í grundvallaratriðum sömu réttindi og hefðbundið framhaldsskólanám, þ.e. aðgang að háskólanámi.

Að lokum veitir Lánasjóður íslenskra námsmanna þeim sem stunda frumgreinanám lán bæði fyrir skólagjöldum og framfærslu. Kvöldskólanemendur framhaldsskólanna njóta engrar slíkrar fyrirgreiðslu. Þeir íslenskir framhaldsskólar sem bjóða nám utan reglubundins starfstíma (t.d. kvöldnám, fjarnám eða sumarnám) innheimta engu að síður sérstakt gjald af nemendum samkvæmt heimild í 4. mgr. 45 gr. laga um framhaldsskóla. Nánar er kveðið á um slíka gjaldtöku í bráðabirgðaákvæði sömu laga frá 21. desember 2009. Þar segir að framhaldsskólum sé „heimilt fram til loka skólaársins 2011–2012 að taka sérstakt gjald af nemendum sem nema má allt að 7.500 kr. á hverja námseiningu en þó aldrei hærra en leiðir af meðalframlagi á ársnemanda hvers skóla eins og það er ákveðið í fjárlögum hvers árs“. Í skýrslu sinni *Lánasjóður íslenskra námsmanna. Lánshæfi náms og þróun útlána* (2011) benti Ríkisendurskoðun á að óeðlilegt sé að mismuna með þessum hætti nemendum sem eru á áþekkingu aldri og stunda allir nám sem leiðir að svipuðu eða sama marki.

### 3.3 NÁMSKRÖFUR

Þar sem frumgreinanám íslenskra skóla er í eðli sínu aðfaranám að háskólanámi virðist nærtækt að horfa til laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla og þess hluta *Aðalnámskrár framhaldsskóla 2011* sem tekur til náms til stúdentsprófs þegar námið er skoðað og þær kröfur sem gerðar eru til þeirra nemenda sem það stunda. Um leið ber vitaskuld að hafa í huga að frumgreinanámið fellur ekki undir ákvæði þessa regluverks og að markmið þess eru að nokkru leyti önnur en framhaldsskólanna sem miða að breiðri almennri menntun í samræmi við það meginhlutverk sitt „að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og virkri þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi“.

Í lögum um framhaldsskóla er hvergi skilgreint hversu mörgum einingum nemendur þurfi að ljúka til að útskrifast með stúdentsprófi, einungis að þeir skulu „hafa lokið námi með fullnaðarárangri samkvæmt námskrá og námsbrautarlýsingu sem hlotið hefur staðfestingu ráðherra“ og að tryggt skuli vera „að prófið uppfylli almennar kröfur háskóla um undirbúning fyrir nám á háskólastigi“. Í *Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011* kemur einnig fram að námstími til stúdentsprófs geti verið breytilegur eftir námsbrautum og skólum. Heildarframlag nemenda skuli þó aldrei vera minna en 200 framhaldsskólaeiningar (fein). Þar af skulu allar brautir til stúdentsprófs innihalda að lágmarki 45 fein í kjarnagreininum þremur, íslensku, stærðfræði og ensku, samkvæmt nánari ákvörðun. Að minnsta kosti 20 þessara eininga skulu vera í íslensku. Þrátt fyrir þessi ákvæði gera flestir skólar ráð fyrir því að 240 fein liggi að baki hefðbundnu fjögurra ára framhaldsskólanámi til

stúdentsprófs.<sup>3</sup> Í því tilliti taka þeir mið af því ákvæði laga um framhaldsskóla og námskrárinnar að öll vinna nemenda í fullu námi veiti 60 framhaldsskólaeiningar á ári.

Í samræmi við lög um framhaldsskóla setja skólarnir sér sjálfir námsbrautarlýsingar sem ráðherra staðfestir og er þar kveðið á um inntak og vægi áfanga. Meðal algengra námsbrauta í hefðbundnum bóknámsskólum eru félagsfræðibraut, hugvísindabraut, málabraut og náttúrufræðibraut. Mismunandi er hversu bundið námið er og getur nám í kjarnagreinum verið á bilinu 155–190 fein. Afgangurinn eru valgreinar sem að hluta til eru bundnar tilteknum kjörsviðsgreinum en að öðrum hluta áfangar í frjálssu vali.

Þeir skólar sem bjóða frumgreinanám birta allir á heimasíðu sinni skýrar reglur um námið, inntökuskilyrði nemenda, framvindu náms, prófkröfur og námslok. Þessar reglur hafa verið kynntar mennta- og menningarmálaráðuneyti. Ekki er samt gert ráð fyrir að ráðuneytið staðfesti þær þar sem námið heyrir formlega séð ekki undir það. Nokkur munur er á reglum, einkum hvað varðar aldur og inntökuskilyrði nemenda, sem m.a. stafar af því hve námið er breytilegt eftir skólum. Í meginatriðum taka reglurnar þó mið af lögum og reglum um nám á framhaldsskólastigi. Námið er alls staðar skipulagt með svipuðum hætti og framhaldsskólanám, m.a. er notast við sama einingakerfi og í framhaldsskólum og gerð svipuð menntunarkrafa til kennara og þar.

## MIÐ TEKID AF LÖGUM OG REGLUM UM FRAMHALDSSKÓLA

Við frumgreinadeild Háskólans í Reykjavík er boðið upp á fjögurra anna nám í einni deild, samtals 155 fein.<sup>4</sup> Nemendur í fullu námi ljúka 35 fein á 1. önn en 40 fein á 2., 3. og 4. önn. Vinnuframlag nemenda á önn er því heldur meira en gengur og gerist í framhaldsskólum þar sem miðað er við 30 fein. Margir fá fyrra skólanám metið til eininga og hefja frumgreinanámið ekki fyrr en á annarri eða þriðju önn. Ekki er þó gerð krafa um fyrra nám. Af námskrá skólans má ráða að námið hefur hingað til einkum verið hugsað fyrir þá sem hyggjast leggja stund á tækni- og verkfræðinám á háskólastigi. Í því felst augljós tenging við markmið Tækniskólans með frumgreinanáminu að brúa bilið milli iðnmenntunar og háskólanáms. Frá og með haustinu 2012 er hins vegar fyrirhugað að bjóða upp á tvær línur, þ.e. háskólagrunn I (raungreinalínu) og háskólagrunn II (félagsvísindalínu). Sem stendur felst námið í ellefu skyldubundnum kjarnaáföngum. Auk íslensku (20 fein) og ensku (20 fein) er lögð megináhersla á stærðfræði (45 fein), eðlisfræði (15 fein), efnafræði (10 fein), tölvufræði (5 fein) og tölvutækni (5 fein). Aðrar námsgreinar eru danska (15 fein), þýska (10 fein), hugmyndasaga (5 fein) og bókfærsla (5 fein).

## NEMENDUR HR LJÚKA 155 FEIN

Við Háskólann á Bifröst er boðið upp á 60 fein þriggja anna nám, þar af eina sumarönn, sem stunda má bæði í staðarnámi og fjarnámi. Námið felst í 13 skyldunámskeiðum þar sem sérstök áhersla er lögð á íslensku (13 fein), ensku (10 fein), stærðfræði (10 fein) og bókfærslu (10 fein). Auk þess er kennd upplýsingatækni (4 fein), hagfræði (4 fein), lögræði (5 fein) og heimspeki (4 fein). Að jafnaði ljúka nemendur um 20 fein á önn sem er nokkuð hægari yfirferð en miðað er við í almennum framhaldsskólum. Gerðar eru kröfur um að umsækjendur um frumgreinanám hafi áður lokið 140 eininga námi á

<sup>3</sup> Þetta samsvarar 140 einingum samkvæmt eldra kerfi sem margir framhaldsskólar vísa enn í.

<sup>4</sup> Á árunum 2008–09 átti Háskólinn í Reykjavík einnig samstarf við Háskólasetur Vestfjarða um tveggja ára frumgreinanám, bæði í staðarnámi og fjarnámi.

## NEMENDUR HB LJÚKA 200 FEIN

framhaldsskólastigi eða sambærilegu námi (tæplega tveggja og hálfis árs framhaldsskólanámi) og er m.a. mælt til þess að þeir hafi lokið fyrstu tveimur áföngum framhaldsskóla í ensku og stærðfræði, þ.e. 10 fein í hvorri grein. Heimilt er þó að veita inngöngu í frumgreinadeild umsækjendum sem ekki hafa lokið tilskildum einingafjölda á framhaldsskólastigi en hafa þess í stað starfsreynslu sem telst jafngild slíkum einingafjölda. Samkvæmt þessu útskrifast nemendur með 200 fein, þar af með 53 fein í kjarnagreininum þremur.

## NEMENDUR KEILIS LJÚKA 178–198 FEIN

Námið í Keili skiptist í fjórar deildir sem stunda má bæði í staðarnámi og fjarnámi. Þrjár þeirra taka tvær annir: Félagsvísinda- og lagadeild (61 fein), hugvísindadeild (68 fein) og viðskipta- og hagfræðideild (69 fein). Hin fjórða, verk- og raunvísindadeild (81 fein), tekur þrjár annir. Að jafnaði ljúka nemendur því um eða rétt yfir 30 fein á önn. Allar hafa deildirnar sama kjarna (41 fein) og ef verk- og raunvísindadeild er undanskilin er lítil munur á námskrá þeirra. Megináhersla er lögð á íslensku (10 fein), ensku (10 fein) og stærðfræði (10–20 fein). Í verk- og raunvísindadeild koma efnafræði (10 fein), eðlisfræði (10 fein) og líffræði (10 fein) síðan í stað greina á borð við félagsfræði, sögu, þýsku og dönsku sem kenndar eru í hinum deildunum. Gert er ráð fyrir að nemendur hafi lokið a.m.k. 117 fein (um tveggja ára framhaldsskólanámi) áður en nám hefst, þar af a.m.k. 10 fein í íslensku, 10 fein í stærðfræði og 10 fein í ensku. Starfsreynsla er að hámarki metin til 10 fein af þeim lágmarkseiningafjölda sem krafist er. Samkvæmt þessu útskrifast nemendur að lágmarki með 178–198 fein. Þar af eiga þeir að hafa lokið samtals 60–70 fein námi í kjarnafögunum þremur: íslensku, ensku og stærðfræði. 20 þessara eininga eru í íslensku.

### 3.2 Uppbygging frumgreinanáms einstakra skóla: Samantekt

	HR	HB	KEILIR
KRÖFUR UM FYRRA NÁM (FEIN)	Skv. mati	140	117
FRUMGREINANÁM (FEIN)	Allt að 155	60	61–81*
<b>SAMTALS (FEIN)</b>	<b>155</b>	<b>200</b>	<b>178–198*</b>
ÞAR AF ÍSL., ENSK., STÆRÐ. (FEIN)	85	53	60–70*
ÞAR AF ÍSL. (FEIN)	20	A.m.k. 13	20

\* BREYTTILEGT EFTIR DEILDUM SKÓLANS.

## FÆRRI EININGAR EN Í ALMENNUM FRAMHALDSSKÓLUM


Eins og yfirlitið í töflu 3.2 sýnir uppfyllir engin frumgreinadeildanna þau meginviðmið flestra framhaldsskóla að stúdentsprófsnemendur ljúki 240 fein og einungis frumgreinadeild Háskólans á Bifröst uppfyllir þá lágmarkskröfu aðalnámskrár framhaldsskóla að heildarframlag nemenda til stúdentsprófs sé ekki minna en 200 fein. Verk- og raunvísindadeild Keilis er rétt undir þeim mörkum (198 fein) en frávikið er meira þegar horft er til annarra deilda skólans og þó sérstaklega frumgreinadeildar Háskólans í Reykjavík þar sem einungis er gerð krafa um 155 fein. Segja má að síðastnefnda deildin veiti afslátt sem nemur samanlögðum valgreinum þeirra framhaldsskóla sem gefa mestan kost á vali. Með örlítilli undantekningu uppfylla allir skólarnir hins vegar þá kröfu laga um framhaldsskóla og aðalnámskrárinnar að nemendur ljúki 45 fein í kjarnagreininum íslensku, stærðfræði og ensku og 20 fein í íslensku. Einungis Háskólinn á Bifröst er undir mörkunum í íslensku.

Vert er að hafa í huga að nemendur sem lykju hliðstæðu námi úr framhaldsskóla og þeir frumgreinanemendur sem ljúka fæstum einingum fengju líklega í fæstum tilvikum inngöngu í íslenska háskóla nema þá samkvæmt undanþágu, þ.e. væru þeir taldir búa yfir jafngildum þroska og þekkingu að mati viðkomandi háskóla og felst í stúdentsprófi. Í því sambandi er oft miðað við 25 ára aldur og fimm ára starfsreynslu sem tengist því námi sem sótt er um. Mjög hefur reyndar dregið úr slíkum undanþágum á síðari árum.

### 3.4 ALDURSTAKMÖRK

Bæði Háskólinn á Bifröst og Keilir miða inntökuskilyrði sín við 25 ára lágmarksaldur en Háskólinn í Reykjavík við 20 ár, hafi nemendur ekki áður lokið iðnnámi. Samkvæmt upplýsingum skólanna var meðalaldur allra þeirra 424 virku nemenda sem hófu frumgreinanám við skólana þrjá veturinn 2010–11 29,7 ár. Lægstur var hann hjá Háskólanum í Reykjavík (27 ár) en hæstur hjá Háskólanum á Bifröst (32 ár). Hjá Keili var hann 31,2 ár. Elstu nemendurnir voru 57 ára en sá yngsti 19 ára. Að jafnaði reyndust fjarnemendur eldri en staðarnemendur. Meðalaldur fjarnemenda hjá Keili var 31,8 ár en 33,6 ár hjá Háskólanum á Bifröst.

Eins og aldursdreifing þeirra 424 virku nemenda sem hófu frumgreinanám veturinn 2010–11 sýnir (sbr. mynd 3.3) voru langflestir nemenda á aldrinum 19–34 ára (82%). Séu nemendur á aldrinum 35–39 ára teknir með hækkar hlutfallið í 92%. Miðað við uppgefinn lágmarksaldur nemenda vekur athygli að veturinn 2010–11 voru tæp 21% virkra nemenda sem þá hófu frumgreinanám á aldrinum 19–24 ára. Hæst var þetta hlutfall hjá Háskólanum í Reykjavík (37%) en lægst hjá Keili (9%). Hjá Háskólanum á Bifröst var það 18%. Alls voru níu nemendur (2,1%) 20 ára eða yngri, þar af voru sex við frumgreinadeild Háskólans í Reykjavík, tveir við frumgreinadeild Háskólans á Bifröst og einn við frumgreinadeild Keilis.



Eins og tölur um nemendur á aldrinum 19–24 ára vitna um viku allar frumgreinadeildirnar að einhverju leyti frá auglýstum kröfum sínum um lágmarksaldur fyrir inngöngu.

Alls reyndust 9 nemendur Háskólans á Bifröst og 20 nemendur Keilis undir tilskildum 25 ára aldri og eins var einn nemandi Háskólans í Reykjavík undir tilskildum 20 ára aldri. Tölurnar gefa einnig til kynna að skólarnir sæki nokkurn hluta nemenda sinna til þess aldursþóps sem stundar hefðbundið framhaldsskólanám. Í því samhengi ber að geta þess að samkvæmt tölum Hagstofunnar var meðalaldur nemenda á framhaldsskólastigi 21,8 ár árið 2010. Þá voru nemendur á aldrinum 21–24 ára 12,3% allra nemenda. Aldurinn er með öðrum orðum ekki eina ástæða þess að nemendur leita fremur í frumgreinadeildirnar en almenna framhaldsskóla. Þar virðast aðrir þættir, t.d. náms- umhverfi, uppbygging náms og námskröfur, einnig skipta máli að ógleymdum framfærslulánum Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

### 3.5 FRÁ UMSÓKN TIL ÚTSKRIFTAR

Af tölum frá frumgreinadeildum skólanna má ráða að frumgreinanámið mætir augljóslega ekki þörfum, möguleikum eða getu allra þeirra sem sýna því áhuga. Af 833 umsækjendum haustið 2010 skráðu sig einungis 350 (42%) í nám. Samtals höfnuðu skólarnir 263 umsækjendum (32%) þar sem þeir uppfylltu ekki tilskilin inntökuskilyrði eða sendu ekki inn nauðsynleg fylgigögn. Þá drógu 220 umsækjendur (26%) umsókn sína til baka eða afþökkuðu skólavist. Vera kann að einhverjir þeirra hafi sótt um og fengið námsvist í fleiri en einum skóla. Að lokum luku ekki allir námi, a.m.k. ekki á tilsettum tíma. Af þeim 350 nýnemum sem skráðu sig í frumgreinanám haustið 2010 luku 265 námi árið 2011, þ.e. að meðaltali um þrír af hverjum fjórum. Almennt brottfall úr námi eða seinkun á því nam því rúmlega 24%.

3.4 Frá umsókn haustið 2010 til útskriftar árið 2011*				
SKÓLI	UMSÆKJENDUR	NÝNEMAR	ÚTSKRIFAÐIR	BROTTFALL
HR	211	88	72	18%
KEILIR, STAÐNÁM	300	123	93	24%
KEILIR, FJARNÁM	231	94	73	22%
HB, STAÐNÁM	48	26	20	23%
HB, FJARNÁM	43	19	7	63%
<b>ALLS</b>	<b>833</b>	<b>350</b>	<b>265</b>	<b>24%</b>

\* BYGGT Á UPPLÝSINGUM FRÁ SKÓLUNUM SJÁLFUM.

Erfitt er að bera brottfall úr frumgreinanámi saman við brottfall úr almennum framhaldsskólum þar sem slíkar tölur fyrir síðarnefndu skólana liggja ekki fyrir ef skólaárið 2002–03 er undanskilið. Samkvæmt könnun Hagstofunnar var það þá 19,3%, þar af 12,4% í dagskólum en um 54,2% meðal nemenda í hlutanámi í fjarnámi.<sup>5</sup> Horft var til skráðra nemenda haustið 2002 sem hvorki voru við nám haustið 2003 né höfðu útskrifast í millitíðinni. Eins og tafla 3.4 sýnir var einungis Háskólinn í Reykjavík undir þessum mörkum sem vissulega gætu hafa breyst á síðustu árum. Jafnmikið brottfall og raun ber vitni hlýtur þó að valda skólunum nokkrum áhyggjum þar sem þeir telja sig almennt leggja mikla áherslu á að styðja við bak nemenda sinna. Þá ættu skólagjöldin einnig að vera nemendum hvatning til að halda sig við efnið og ljúka námi á tilsettum tíma.

<sup>5</sup> Sjá „Brottfall nemenda úr framhaldsskólum 2002–2003,“ *Hagtiðindi* 2004:3 (18. ágúst 2004). <https://hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=954>



## 4 ÁRANGUR FRUMGREINANÁMSINS

Ekki hefur verið gerð nein heildstæð og óháð úttekt á árangri frumgreinakennslu íslenskra skóla, ánægju nemenda með námið og hvernig það nýtist þeim við frekari nám og störf. Einstakir skólar hafa þó kannað ánægju eigin nemenda með námið, þá þjónustu sem skólarnir veita þeim og hvernig þeim hefur vegnað að lokinni útskrift. Slíkar athuganir gefa vissulega ákveðnar vísbendingar sem ekki er ástæða til að gera lítið úr. Þær gagnast þó ekki við að meta námið á heildstæðan hátt eða bera skóla saman þar sem kannanirnar eru að inntaki til ekki samræmdar. Ekki var heldur unnt að staðfesta eða sannreyna upplýsingar skólanna í öllum tilvikum.

HEILDSTÆÐAR,  
ÓHÁÐAR ÚTTEKTIR  
VANTAR

### 4.1 HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK

Í febrúar 2007 birti Háskólinn í Reykjavík skýrsluna *Hvernig vegnar iðnlærðum með frumgreinapróf í námi í tækni- og verkfræði við Háskólann í Reykjavík?* Um var að ræða niðurstöður könnunar á því hvernig iðn- og starfsnámsnemendum með frumgreinapróf vegnaði í námi við Tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík miðað við nemendur með stúdentspróf af bóknámsbrautum almennra framhaldsskóla. Einkum var horft til tveggja þátta. Annars vegar voru útskrifaðir frumgreinanemendur skólans með iðn- og starfsmenntun sem bakgrunn spurðir um gildi iðnnáms síns og starfsreynslu fyrir nám sitt í Tækni- og verkfræðideild háskólans. Hins vegar voru þessir sömu nemendur spurðir um það hvernig einstakar greinar á frumgreinasviði Háskólans í Reykjavík hefðu nýst þeim í þessu sama háskólanámi. Til samanburðar var horft til nemenda Tækni- og verkfræðideildar með hefðbundið stúdentspróf.

Meginniðurstaða könnunarinnar var sú að iðnmenntaðir nemendur töldu fyrra nám sitt og verklega þjálfun í tengslum við það hafa nýst betur í tækni- og verkfræðinámi en nemendur með stúdentspróf. Sérstaklega hefði iðnnámið nýst vel vegna sérgreina eins og byggingafræði, vélhlutafræði og forritunar. Eins voru nemendur með frumgreinapróf frá Háskólanum í Reykjavík líklegri til að telja að það nám hefði nýst þeim vel í tækni- og verkfræðinámi sínu en nemendur með stúdentspróf.

NÁMIÐ NÝTTIST  
IÐNMENNTUÐUM  
VEL

Af þessu má annars vegar draga þá ályktun að iðnnám geti verið ágæt undirstaða tækni- og verkfræðináms á háskólastigi og hins vegar þá að sérhæft undirbúningsnám á framhaldsskólastigi geti hentað vel þeim sem hyggja á frekara nám á háskólastigi. Þetta er einnig niðurstaða nýrrar könnunar sem gerð var meðal verkfræðinema við Háskólann í Árósum og kynnt var 23. apríl 2012. Þar kom m.a. fram að nemendur með iðnmenntun luku háskólanámi sínu almennt á eðlilegum námstíma og með góðum einkunum.<sup>6</sup> Eins

<sup>6</sup> Sbr. „Håndværkere klarer sig godt på ingeniøruddannelserne,“ <http://www.au.dk/om/nyheder/nyhed/artikel/haandvaerkere-klarere-sig-godt-paa-ingenioeruddannelserne/>

og síðar verður vikið að er þó ekki sjálfgefið að frumgreinanám skili jafn góðum eða betri árangri en stúdentspróf.

**FLESTIR NEMENDUR  
HR HALDA ÁFRAM  
INNAN HR**

Samkvæmt upplýsingum frá Háskólanum í Reykjavík hafa milli 80–90% allra frumgreinanemenda skólans haldið áfram námi við háskóladeildir skólans og lýkur stærsti hluti þeirra námi. Á tímabilinu 2009–11 luku t.d. árlega milli 25–39 fyrrum frumgreinanemendur skólans námi úr háskóladeildum hans. Það samsvarar um 50–78% allra þeirra nemenda sem útskrifuðust árlega úr frumgreinadeild skólans á þessu tímabili. Að auki bentu talsmenn skólans á að nemendur með frumgreinapróf frá skólanum væru teknir inn í margar deildir Háskóla Íslands og að nokkrir hefðu farið í nám erlendis, einkum til Danmerkur en einnig annarra landa, t.d. Bretlands og Bandaríkjanna.

Langflestir frumgreinanemenda Háskólans í Reykjavík luku námi úr tækni- og verkfræðideild skólans, byggingatæknifræði, rafmagnstæknifræði, vél- og orkutæknifræði og er það í samræmi við upphaflegt markmið námsins og uppbyggingu þess. Þeim nemendum hefur þó fjölgað sem hefja annars konar nám, t.d. í viðskiptafræði. Fulltrúar skólans fullyrða einnig að viðhorf þeirra sem stýra einstökum deildum háskólans sé mjög jákvætt í garð nemenda með frumgreinapróf enda standi þeir sig almennt mjög vel. Fallhlutfall sé t.d. lægra meðal þeirra en annarra nemenda.

## 4.2 HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Þeir sem ljúka námi frá frumgreinadeild Háskólans á Bifröst með fyrstu einkunn (7,25 eða hærra) hafa forgang að háskóladeildum skólans á næsta háskólaári. Aðrir nemendur eru metnir sérstaklega ásamt almennum umsækjendum. Samkvæmt upplýsingum frá skólanum halda flestir nemendur deildarinnar áfram námi í háskóladeildum skólans og standa sig þar að jafnaði vel. Athugun skólans á árangri útskriftarnemenda úr grunnnámi háskóladeilda skólans árin 2008–11 bendir þó til þess að þeir hafi ekki staðið sig jafnvel og nemendur með stúdentspróf. Samkvæmt þeirri athugun fengu að meðaltali um 67% útskriftarnemenda með frumgreinadeildarpróf (Fgd-próf) frá skólanum 1. einkunn í grunnnámi háskóladeilda samanborið við 76% útskriftarnemenda með stúdentspróf.

**FLESTIR NEMENDUR  
HB HALDA ÁFRAM  
INNAN HB**

4.1 Árangur útskriftarnema úr grunnnámi háskóladeilda HB 2008–11*				
	MEÐ FGD-PRÓF	HLUTFALL	MEÐ STÚDENTSPRÓF	HLUTFALL
FJÖLDI ÚTSKRIFAÐRA	78	100%	368	100%
MEÐ FYRSTU EINKUNN	52	67%	279	76%
MEÐ AÐRA EINKUNN	26	33%	89	24%

\* BYGGT Á UPPLÝSINGUM FRÁ HÁSKÓLANUM Á BIFRÖST.

Af yfirliti skólans um áframhaldandi nám frumgreinanemenda Háskólans á Bifröst má einnig ráða að heldur hafi dregið úr háskólanámi þeirra við skólann hin síðari ár. Skólaárið 2007–08 var hlutfall þeirra sem héldu áfram námi við Háskólann á Bifröst 91%, skólaárið 2008–09 var það 72% og skólaárin 2009–11 var það 53–54%.

Erfitt er að skýra þessa breytingu á háskólanámi frumgreinanemenda Háskólans á Bifröst með einhlítum hætti. Þar koma a.m.k. tveir möguleikar til greina, annars vegar sá að

**FRUMGREINANÁM  
HB HEFUR MINNA  
VÆGI SEM AÐFARA-  
NÁM EN ÁÐUIR**

dregið hafi almennt úr slíku námi þeirra, hins vegar sá að þeir leiti í auknum mæli í aðra háskóla en Háskólann á Bifröst.<sup>7</sup> Báðir möguleikarnir leiða þó til sömu niðurstöðu, þ.e. þeirrar að frumgreinanámið á Bifröst hafi minna vægi en áður sem raunverulegt aðfaranám fyrir tiltekið háskólanám (í viðskiptagreinum) við skólann. Þess ber að geta að öll árin var talsverður munur á staðar- og fjarnemendum. Að meðaltali héldu um 81% staðarnemenda áfram námi við Háskólann á Bifröst á móti 61% fjarnemenda. Þetta gæti bent til þess að markmið og möguleikar þessara tveggja nemendahópa séu mismunandi.

### 4.3 KEILIR EHF.

Frumgreinadeild Keilis hefur þrisvar (í ársbyrjun 2009–11) gert rafrænar kannanir meðal þeirra nemenda sem útskrifuðust af Háskólabrú sumarið áður til að athuga afdrif þeirra og sem lið í gæðastarfi skólans. Í ljós kom að 85–92% nemenda hófu háskólanám að loknu frumgreinanámi. Langflestir skráðu sig í Háskóla Íslands, þ.e. 55–77% allra þeirra sem hófu háskólanám, 5–19% skráðu sig í Háskólann í Reykjavík og 5–8% í Háskólann á Akureyri. Langflestir hófu nám í félagsvísinda- og lagadeild, þ.e. 43–55% þeirra sem lögðu stund á háskólanám. Síðasta árið fjölgaði hins vegar mjög þeim sem skráðu sig í verkfræði- og raunvísindadeild og voru þeir þá um 25% allra nemenda. Almennt (77–80%) töldu nemendur að nám á Háskólabrú hefði veitt þeim mjög góðan eða góðan undirbúning fyrir háskólanám og kemur sú niðurstaða heim og saman við könnun sem Háskóli Íslands og Stúdentaráð unnu árið 2010.

**NEMENDUR KEILIS  
ÁNÆGÐIR MEÐ  
UNDIRBÚNINGINN**

Háskóli Íslands hefur einnig gert afmarkaða úttekt á afdrifum nemenda fyrsta árgangs Keilis (2007–08) innan háskólans almanaksárið 2009, þ.e. hversu mörgum námseiningum (ECTS) þeir luku. Til viðmiðunar var horft til nemenda fjögurra fámennra framhaldsskóla. Þrír þeirra voru minni en Keilir en einn heldur stærri. Fram kom að um 61% nemenda Keilis lauk innan við 30 námseiningum þetta ár og var það mun hærra hlutfall en þegar litið var til viðmiðunarskólanna. Þar var hlutfallið 49%. Á móti kom að hlutfallslega fleiri nemendur Keilis (32%) luku meira en 60 námseiningum, þ.e. fullu ársnámi, á móti 23% þegar horft er til hinna skólanna. Þetta bendir til þess að fyrsti nemendahópur Keilis hafi verið fremur sundurleitur. Sumum gekk augljóslega vel en aðrir virðast tæpast hafa haft forsendur til að hefja háskólanám.

Ekki liggja fyrir sambærilegar kannanir fyrir árin 2010–11. Vorið 2012 gerði Háskóli Íslands hins vegar könnun á námsgengi stúdenta í einstökum deildum skólans eftir því úr hvaða framhaldsskóla nemendurnir komu. Meðal þeirra skóla sem könnunin náði til voru frumgreinadeildir Keilis og Háskólans í Reykjavík. Engir nemendur úr frumgreinadeild Háskólans á Bifröst stunduðu nám við skólann á tímabilinu.

### 4.4 KÖNNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS Á NÁMSGENGI NEMENDA


Könnun Háskóla Íslands á námsgengi nemenda nær til árana 2008–11 og geymir m.a. samanburð á vegnum meðaleinkunnum nemenda í einstökum deildum skólans, 25 að tölu, eftir því úr hvaða framhaldsskóla þeir komu. Alls tók könnunin til 37 framhaldsskóla (eða ígildi slíkra skóla, t.d. nemenda frá erlendum skólum, með undanþágu frá

<sup>7</sup> Samkvæmt gögnum frá Háskóla Íslands var enginn nemandi úr frumgreinadeild Háskólans á Bifröst skráður í grunnnám skólans á árunum 2008–11.

stúdentsprófi eða sem höfðu lokið öðru háskólaprófi). Ekki voru þó birtar meðaleinkunnir framhaldsskóla í þeim deildum þar sem þeir áttu færri en fjóra nemendur. Samanburðurinn náði því mest til 34 skóla en minnst til 14. Frumgreinadeild Keilis var með í samanburðinum í 18 deildum af 25 en frumgreinadeild Háskólans í Reykjavík í 4 deildum.<sup>8</sup>

**FRUMGREINA-  
NEMENDUR ÁTTU  
ERFITT UPPDRÁTTAR**

Ekki kom í ljós afgerandi munur þegar bornar voru saman meðaleinkunnir nemenda (á skalanum 0–10) eftir því úr hvaða framhaldsskóla þeir komu. Yfirleitt voru rötgrónir bóknámsskólar samt í hópi allra efstu skóla en fjölbrautaskólar, verkmenntaskólar og minni framhaldsskólar skipuðu sér iðulega meðal þeirra í einstökum deildum. Þegar sérstaklega var hugað að nemendum frumgreinadeildanna tveggja sást á hinn bóginn að þeir áttu í langflestum deildum fremur erfitt uppdráttar þegar þeir voru bornir saman við nemendur annarra skóla (sbr. mynd 4.2).



**FRUMGREINA-  
NEMENDUR NÆR  
ALLTAF UNDIR  
MEÐALTALI**

Eins og myndin sýnir náðu nemendur frumgreinadeildanna í aðeins einu tilviki að komast upp fyrir vegna meðaleinkunn allra skóla. Þetta var í félags- og mannvísindadeild þar sem vegin meðaleinkunn nemenda frumgreinadeildar Háskólans í Reykjavík var 0,18 yfir meðaltali. Að auki voru frumgreinanemendur Keilis í nokkrum tilvikum

<sup>8</sup> *Gagnasafn vegna fundar með skólameisturum framhaldsskóla 7. maí 2012.* Háskóli Íslands: Kennsluvið 2012. Safnið hefur ekki verið gert opinbert en Háskóli Íslands heimilaði Ríkisendurskoðun að vinna úr þeim upplýsingum sem það geymir.

<sup>9</sup> Skammstafanir standa fyrir: félags- og mannvísindadeild, félagsráðgjafardeild, hagfræðideild, lagadeild, stjórn málafræðideild, viðskiptafræðideild, hjúkrunarfræðideild, lyfjafræðideild, lækna-deild, matvæla- og næringarfræðideild, sálfræðideild, tannlæknadeild, deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, guðfræði- og trúabragðfræðideild, íslensku- og menningardeild, sagnfræði- og heimspekideild, kennaradeild, uppeldis- og menntunarfræðideild, íþrótta-, tóms-tunda- og þroskajálfadeild, iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild, jarð-vísindadeild, líf- og umhverfís vísindadeild, rafmagns- og tölvunarverkfræðideild, raunvísinda-deild og umhverfis- og byggingarverkfræðideild.

rétt undir veginni meðaleinkunn allra skóla, m.a. í félagsráðgjafardeild þar sem einungis munaði 0,10. Í öðrum tilvikum var munurinn á einkunnum nemenda frumgreinadeildanna tveggja og meðaltalinu mun meiri frumgreinadeildunum í óhag og í 9 tilvikum af 22 var hann á bilinu 1,0–2,0. Einna mestur var munurinn í hagfræðideild, lagadeild, sálfræðideild, uppeldis- og menntunarfræðideild, iðnaðarverkfræði-, véla- verkfræði- og tölvunarfræðideild og raunvísindadeild. Svipuð niðurstaða kemur í ljós ef eingöngu er horft til skólaársins 2010–11.

Þar sem einkunnaskali Háskóla Íslands er að nokkru leyti bæði misjafnlega stilltur og misteygjanlegur eftir deildum var sérstaklega hugað að röð frumgreinadeildanna meðal allra framhaldsskóla eftir vegnum meðaleinkunnum í einstökum deildum. Þar fæst þó sama niðurstaða og mynd 4.2 sýnir, þ.e. frumgreinadeildirnar lentu í langflestum tilvikum í hópi allra neðstu skóla. Besti árangur frumgreinadeildar Háskólans í Reykjavík var 11. sæti af 33 skólum í félags- og mannvísindadeild en í öðrum tilvikum (3 deildum) lenti frumgreinadeildin í hópi fjögurra neðstu skóla. Besti árangur Keilis var 19. sæti af 30 skólum í félagsráðgjafardeild. Í alls 14 deildum af þeim 18 þar sem frumgreinadeildin átti nemendur lenti hún á hinn bóginn í hópi fjögurra neðstu skóla.

Varhugavert er að alhæfa út frá þessari könnun einni og sér. Hún gefur þó vísbendingar um að þeir nemendur frumgreinadeildanna tveggja sem stunduðu nám við Háskóla Íslands á árunum 2008–11 hafi almennt ekki haft jafn góðar forsendur eða aðstæður til þess og nemendur hefðbundinna framhaldsskóla. Slík niðurstaða verður þó í sjálfu sér ekki tekin sem dómur um þá undirbúningskennslu sem frumgreinadeildirnar veita eða gæði hennar. Af könnuninni verður ekki heldur ráðið neitt um það hvernig frumgreinanemendunum gæti vegnað í öðrum háskólum, um hugsanlegt brottfall þeirra frá námi eða þann tíma sem það tekur þá að ljúka því.

**ERFITT AÐ ALHÆFA ÚT  
FRÁ KÖNNUNINI**

## 4.5 NÁMSVAL FRUMGREINANEMENDA


Þegar hugað er að afdrifum frumgreinanemenda íslenskra skóla vaknar m.a. sú spurning í hvers konar háskólanám þeir sækja að loknu frumgreinanámi. Ekki hefur verið gerð nákvæm úttekt á þessu. Eins og áður var sagt halda langflestir nemendur Háskólans á Bifröst áfram háskólanámi við skólann og þá einkum í viðskiptafræði. Sömuleiðis heldur stærsti hluti nemenda Háskólans í Reykjavík áfram námi við þann skóla í verk- og tæknifræði. Nokkur hluti nemenda Háskólans í Reykjavík fer þó í aðra háskóla og voru 28 nemendur þaðan skráðir í grunnám við Háskóla Íslands haustið 2010. Sama haust voru 182 nemendur úr Keili skráðir í grunnám við Háskóla Íslands. Engir nemendur komu frá frumgreinadeild Háskólans á Bifröst.

Háskóli Íslands hefur greint námsval nemenda í grunnámi þetta haust eftir því úr hvaða framhaldsskóla eða frumgreinadeild þeir komu.<sup>10</sup> Af því yfirliti sést að frumgreinanemendur Keilis og Háskólans í Reykjavík greindust að því leyti frá dæmigerðum nýnemum þetta haust (meðaltali nemenda allra framhaldsskóla) að þeir dreifðust

<sup>10</sup> Sjá *Gagnasafn vegna fundar með skólameisturum framhaldsskóla 9. maí 2011*. Háskóli Íslands. Kennsluvið 2011. Sbr. <http://www.hi.is/sites/default/files/skjol/stjornsysla/visinda-vid/gagnasafn%2009052011%20med%20vidauka%20lok.pdf>.

minna. Nemendur Keilis leituðu aðallega í nám á félagsvísindasviði (56%) og menntavísindasviði (21%), meðan nemendur Háskólans í Reykjavík leituðu fyrst og fremst í nám á verkfræði- og náttúruvísindasviði (39%) og félagsvísindasviði (32%).

#### 4.3 Námsval grunnnemenda HÍ eftir skólum haustið 2010 í %\*



Af þessu má ráða að breidd frumgreinanámsins sé minni en dæmigerðra framhaldsskóla og er það raunar í samræmi við eðli þess sem „aðfaranáms“ tiltekinn háskólagreina. Styrkur Keilis liggur augljóslega á sviði félags- og menntavísinda og styrkur HR á sviði verk- og náttúruvísinda. Báðir skólarnir eru hins vegar talsvert undir meðaltalinu þegar horft er til hugvísinda- og þó einkum heilbrigðisvísindasviðs og eins er Keilil langt undir meðaltalinu þegar horft er til verkfræði- og náttúruvísindasviðs.

Miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir telur Ríkisendurskoðun ekki ástæðu til að efast um gildi og gagnsemi frumgreinanámsins fyrir þann nemendahóp sem það höfðar einkum til. Margt bendir hins vegar til að námið hafi að verulegu leyti fjarlægst uppruna sinn og upphaflegan markhóp (iðnmenntaða einstaklinga). Við hlið þess hóps hafi a.m.k. orðið til nýr og allstór hópur nemenda sem hefur meiri áhuga á félags- og menntavísindum en verk- og tæknifræði. Áform Háskólans í Reykjavík um að efna til félagsvísindalínu innan frumgreinadeildar sinnar bendir til hins sama.

# 5 FJÁRMÖGNUN FRUMGREINANÁMS

## 5.1 FRAMLÖG RÍKISINS TIL FRUMGREINANÁMSINS

Meginaðkoma íslenska ríkisins að frumgreinanámi íslenskra skóla felst í þátttöku þess í fjármögnun námsins með árlegum rekstrarframlögum sem ákveðin eru í fjárlögum hvers árs vegna tiltekins fjölda ársnemenda. Sá fjöldi er að jafnaði nokkuð minni en stunda nám við skólana. Um slík framlög er einnig kveðið í þjónustusamningum mennta- og menningarmálaráðuneytis við Háskólann í Reykjavík og Háskólann á Bif-röst. Þeir samningar eru gerðir í samræmi við ákvæði 21. gr. laga um háskóla sem heimilar ráðuneytinu að gera samninga til 3–5 ára í senn um fjárframlög til kennslu og rannsókna í háskólum sem hlotið hafa viðurkenningu ráðuneytisins. Námið í Keili fellur á hinn bóginn undir 25. gr. laga um opinbera háskóla sem heimilar skólunum að semja við einstaklinga, samtök og fyrirtæki um að taka að sér þjónustu fyrir sína hönd. Á grundvelli slíks samstarfssamnings hefur mennta- og menningarmálaráðuneyti tvívegis, árin 2008 og 2009, gert eins árs samning við Háskóla Íslands og Keili ehf. um fjárframlög til námsins eða hvernig þeim skuli varið.

Eins og tafla 5.1 sýnir hefur stuðningur ríkisins við frumgreinakennsluna vaxið jafnt og þétt síðustu þrjú ár í samræmi við fjölgun þeirra nemenda sem greitt er með. Árið 2010 greiddi ríkið frumgreinadeildunum þremur 204 m.kr. vegna kennslu 469 ársnemenda og á árinu 2012 er áætlað að það greiði þeim 256 m.kr. vegna kennslu 524 ársnemenda. Að jafnaði nemur framlag vegna hvers ársnemanda því um 489 þús.kr. árið 2012. Þetta er heldur lægra framlag en nemendaframlög ríkisins til þess framhaldsskóla sem hlýtur lægst framlög þetta ár, Menntaskólans í Reykjavík (551 þús.kr.). Að auki innheimta frumgreinadeildirnar skólagjöld vegna námsins (sjá síðar).

**MEGINAÐKOMA  
RÍKISINS FELST Í  
FJÁRMÖGNUN  
NÁMSINS**

**RÍKISSTUÐNINGUR  
VEX JAFNT OG ÞÉTT**

	HR		HB		KEILIR*		ALLS	
	M.KR.	NEM.	M.KR.	NEM.	M.KR.	NEM.	M.KR.	NEM.
2010	89	185	28	60	86	224	204	469
2011	85	185	18	40	122	265	225	490
2012	103	210	29	60	124	254	256	524

\* MIÐAÐ ER VIÐ AÐ 80% ÁRLEGRA FRAMLAGA TIL KEILIS SÉ VARIÐ Í FRUMGREINANÁM, SKV. UPPLÝSINGUM MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIS.

Samkvæmt upplýsingum mennta- og menningarmálaráðuneytis hafa fjárveitingar til frumgreinanámsins tekið mið af áætluðum nemendafjölda og einingaframlagi sem byggist á lægsta nemendaframlagi til háskólanáms. Jafnframt hefur verið tekið tillit til framlaga til bóklegs náms í framhaldsskólum þar sem kennt er í hóflega stórum hópum. Þá hefur frádráttur vegna innritunargjalda í frumgreinanám miðast við að um





framhaldsskólanám sé að ræða. Á árunum 2008–09 tóku samningar við Keili og Háskólasetur Vestfjarða ekki mið af nemendafjölda en frá og með árinu 2010 hefur verið gert ráð fyrir að Keilir skili nemendauppgjöri eins og Háskólinn í Reykjavík og Háskólinn á Bifröst.

## 5.2 SKÓLAGJÖLD NEMENDA

Auk árlegra framlaga ríkisins til þeirra skóla sem bjóða frumgreinanám innheimta skólarnir sjálfir umtalsverða fjármuni í formi skólagjalda nemenda. Slík gjöld, sem eru mjög mishá eftir skólum, eru að langstærstum hluta lánshæf hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna (sjá úthlutunarreglur LÍN, kafla 1.2.2. um sérnám á Íslandi).

Við Háskólann í Reykjavík nema skólagjöld fyrir fullt nám alls 340 þús.kr., þ.e. 85 þús.kr. á önn eða 170 þús.kr. á ári. Það samsvarar um 2.200 kr. á einingu. Að fyrstu önn (35 fein) undanskilinni er námið lánshæft hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Hámarkslán vegna skólagjalda er því 255 þús.kr. Í Háskólanum á Bifröst nema skólagjöld 7.600 kr. á einingu í staðarnámi og 10.700 kr. á einingu í fjarnámi. Samkvæmt því kostar fullt ársnám 456 þús.kr. í staðarnámi og 642 þús.kr. í fjarnámi. Það er að öllu leyti lánshæft. Í Keili nema skólagjöld 7.500 kr. á einingu í staðarnámi og 10.000 kr. á einingu í fjarnámi. Samkvæmt því kostar fullt nám á bilinu 458–608 þús.kr. í staðarnámi og 610–810 þús.kr. í fjarnámi. Það er að öllu leyti lánshæft.

5.2 Skólagjöld og námslán vegna frumgreinanáms í þús.kr.*			
	GJÖLD / EINGU	GJÖLD / FULLT NÁM	HÁMARKSLÁN LÍN
HR	2,2	340	225
HB, STAÐARNÁM	7,6	456	456
HB, FJARNÁM	10,7	642	642
KEILIR, STAÐARNÁM	7,5	458–608	458–608
KEILIR, FJARNÁM	10,0	610–810	610–811

\*BYGGT Á UPPLÝSINGUM FRÁ SKÓLUNUM SJÁLFUM.

Til samanburðar má geta þess að skólagjöld fyrir fullt tveggja ára nám við Menntaskólann Hraðbraut (240 fein) eru 498 þús.kr. Það samsvarar um 2.100 kr. á einingu. Eins má geta þess að skólagjöld fyrir fullt fjögurra ára nám við öldungadeild Menntaskólans við Hamrahlíð (240 fein) eru 312 þús.kr., þ.e. að meðaltali 1.300 kr. á einingu. Eins og annað framhaldsskólanám sem miðar að stúdentsprófi er nám við þessa skóla ekki lánshæft. Eins og aðrir framhaldsskólar fá þessir skólar árleg framlög frá ríkinu vegna tiltekins nemendafjölda. Árið 2012 nema slík framlög 830 þús.kr. vegna hvers ársnemanda Menntaskólans Hraðbrautar og 629 þús.kr. vegna hvers ársnemanda Menntaskólans við Hamrahlíð.

Samkvæmt upplýsingum frumgreinadeildanna þriggja námu innheimt skólagjöld þeirra samtals um 155 m.kr. á árinu 2010 (sbr. töflu 5.3). Það jafngildir að meðaltali 318 þús.kr. vegna hvers þeirra 488 nemenda sem þá stunduðu nám við deildirnar þrjár. Eins og taflan sýnir var allmikill munur á meðalgreiðslu nemenda eftir skólum. Lægst var hún hjá Háskólanum í Reykjavík (153 þús.kr.) en hæst hjá Keili (404 þús.kr.).

### GJÖLD Á EINGU HÆRRI EN Í FRAM- HALDSSKÓLUM

5.3 Innheimt skólagjöld frá hausti 2010 til hausts 2011 í þús.kr.*			
	INNHEIMT SKÓLAGJ.	NEM. (AÐ JAFNAÐI)	MEÐALGREIÐSLA
HR	24.844	162	153
HB	24.657	65	379
KEILIR	105.504	261	404
<b>ALLIR</b>	<b>155.005</b>	<b>488</b>	<b>318</b>

\*BYGGT Á UPPLÝSINGUM FRÁ SKÓLUNUM SJÁLFUM.

Samkvæmt þessu námu ríkisframlög og skólagjöld vegna hvers og eins þeirra 488 nemenda sem stunduðu frumgreinanám skólaárið 2010–11 um 735 þús.kr. Þetta er rétt undir meðalframlögum ríkisins vegna hvers ársnemanda íslenskra framhaldsskóla árið 2010 (758 þús.kr.) en umtalsvert meira en framlög ríkisins til þeirra þriggja skóla sem fengu lægst framlög það ár (533–584 þús.kr.). Eins og ráða má af töflu 5.4 nam ríkisframlagið að meðaltali um 57% allra tekna skólanna en skólagjöldin um 43% þeirra. Hæst var hlutfall ríkisframlags hjá Háskólanum í Reykjavík (78%), en þar eru skólagjöld hlutfallslega lág, en lægst hjá Keili (45%). Hjá Háskólanum á Bifröst var þetta hlutfall 53%.

**RÍKISFRAMLAG UM  
57% ALLRA TEKNA  
FRUMGREINA-  
DEILDANNA**

5.4 Tekjur skólanna vegna frumgreinanáms skólaárið 2010–11 í þús.kr.					
	SKÓLAGJÖLD	RÍKISFRAMLAG	SAMTALS	NEMENDUR	MEÐALTEKJUR
HR	24.844	89.100	113.944	162	703
HB	24.657	28.300	52.957	65	815
KEILIR	105.504	86.400	191.904	261	735
<b>ALLIR</b>	<b>155.005</b>	<b>203.800</b>	<b>358.805</b>	<b>488</b>	<b>735</b>

Eins og tafla 5.4 sýnir voru meðaltekjur skólanna vegna hvers frumgreinanemanda nokkuð breytilegar. Hæstar voru þær hjá Háskólanum á Bifröst, 815 þús.kr., en lægst- ar hjá Háskólanum í Reykjavík, 703 þús.kr. Keilir féll nákvæmlega að meðaltalinu.

### 5.3 LÁNSHÆFT NÁM

Samkvæmt lögum nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna og úthlutunarregl- um sjóðsins er framhaldsskólanám til stúdentsprófs almennt ekki lánshæft. Engu að síður hefur tíðkast allt frá skólaárinu 1975–76 að lánasjóðurinn láni til frumgreina- náms (sem þá var kallað „raungreinanám“) þótt sjóðurinn hafi fyrst getið sérstaklega þessarar meginundantekningar frá úthlutunarreglum sínum vegna skólaársins 2006– 07. Unnt er að fá framfærslu- og skólagjaldalán til þriggja missera frumgreinanáms við Háskólann í Reykjavík og Keili en til tveggja missera náms við Háskólann á Bifröst. Ekki er veitt lán til þeirra nemenda Háskólans í Reykjavík sem hefja nám á fyrsta misseri.

Eins og tafla 5.5 sýnir þigga langflestir nemendur frumgreinadeildanna námslán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna, bæði fyrir skólagjöldum og framfærslu. Veturinn 2010–11 veitti sjóðurinn alls 357 nemendum lán fyrir skólagjöldum, þ.e. 73% allra þeirra 488 nemenda sem þá stunduðu slíkt nám. Samtals námu þessi lán um 91 m.kr., þ.e. að jafnaði 256 þús.kr. á hvern lánþega. Að auki veitti sjóðurinn 386 nemendum, þ.e. um 79% allra nemenda, lán til framfærslu. Samtals námu þessi lán 434 m.kr., þ.e. að jafnaði 1.225 þús.kr. á lánþega. Alls námu lánveitingar sjóðsins til frumgreinanem- enda því um 526 m.kr. veturinn 2010–11. Miðað við þá kostnaðarhlutdeild sem nú er

**LÍN VEITIR LANG-  
FLESTUM FRUM-  
GREINANEMENDUM  
LÁN**



gert ráð fyrir í fjárlögum, þ.e. að framlag ríkissjóðs sé 47% af útlánum Lánasjóðs íslenskra námsmanna, má ætla að um 272 m.kr. af heildarfjárhæðinni falli á ríkissjóð.

5.5 Lán LÍN til frumgreinanemenda veturinn 2010–11*							
SKÓLI	NEMENDUR	SKÓLAGJALDÁLÁN			FRAMFÆRSLULÁN		
		LÁNÞ.	HLUTF.	M.KR.	LÁNÞ.	HLUTF.	M.KR.
KEILIR	261	241	92%	71,9	254	97%	299,3
HR	162	79	49%	5,4	95	59%	80,2
HB	65	37	57%	13,9	37	57%	54,9
<b>ALLS</b>	<b>488</b>	<b>357</b>	<b>73%</b>	<b>91,2</b>	<b>386</b>	<b>79%</b>	<b>434,4</b>

\* BYGGT Á UPPLÝSINGUM FRÁ LÍN.

Tafla 5.5 sýnir einnig að nær allir nemendur Keilis (92–97%) þáðu lán vegna skólagjalda og framfærslu veturinn 2010–11. Rétt innan við helmingur nemenda Háskólans í Reykjavík (49%) þáði lán vegna skólagjalda en nokkru fleiri (59%) vegna framfærslu. Þá þáði rúmlega helmingur nemenda Háskólans á Bifröst (57%) skólagjalda- og framfærslulán.

Þegar horft er til þeirra frumgreinanemenda sem þáðu framfærslulán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna veturinn 2010–11 sést að meðalaldur þeirra var rúm 32 ár. Yngstu lánþegarnir voru 20 ára en sá elsti 57 ára. Alls voru 55 nemendur á aldrinum 20–24 ára. Þar af stunduðu 28 þeirra nám við Háskólann í Reykjavík, 21 við Keili og 6 við Háskólann á Bifröst.

Ríkisendurskoðun gerði í skýrslu sinni *Lánasjóður íslenskra námsmanna. Lánshæfi náms og þróun útlána* (2011) sérstaka athugasemd við lánveitingar sjóðsins til þeirra sem stunda frumgreinanám. Þær færu ekki aðeins í bága við 1. og 2. gr. laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna sem heimila ekki slíka lánveitingu heldur brytu einnig gegn jafnræði námsmanna, enda væri almennt framhaldsskólanám til stúdentsprófs eða sambærilegs prófs ekki lánshæft. Stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna tók fyrir sitt leyti undir þetta mat Ríkisendurskoðunar. Hún taldi þó rétt að ganga ekki gegn þeirri hefð sem þróast hefði á undanförunum áratugum og hætta að lána til frumgreinanáms áður en fundin væri önnur lausn.

Í drögum að frumvarpi til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna, sem nefnd skipuð af mennta- og menningarmálaráðherra lagði fram 27. mars 2012, er leitast við að koma til móts við áður nefndar ábendingar Ríkisendurskoðunar. Þar er í 9. gr. lagt til að lánasjóðnum verði heimilað að veita þeim framfærslulán sem stunda undirbúningsnám fyrir háskólanám, þar á meðal frumgreinanám, þó að hámarki vegna eins árs náms (60 fein) og að uppfylltum tilteknum skilyrðum um fyrra nám eða aldur:

Veita skal námslán til undirbúningsnáms fyrir háskólanám, sem skipulagt er af viðurkenndum háskóla sbr. 8. gr., að hámarki 60 ECTS einingar. Jafnframt þarf námsmaður að hafa lokið prófi af framhaldsskólastigi.

Hafi námsmaður ekki lokið prófi af framhaldsskólastigi, getur hann samt sem áður fengið lán til undirbúningsnáms, hafi hann náð 25 ára aldri.

Með þessu ákvæði er leitast við að setja ákveðnar skorður við lánunum til þeirra sem stunda frumgreinanám, þ.e. þau yrðu að hámarki vegna eins árs náms en ekki eins og hálfis árs náms eins og nú tíðkast. Einnig yrðu þau bundin þeim skilyrðum að námsmaður hafi annaðhvort lokið prófi af framhaldsskólastigi eða náð 25 ára aldri. Engu að síður munu frumgreinanemendur enn sem fyrr njóta meiri réttinda en almennir framhaldsskólanemendur sem margir hverjir geta þó verið á svipuðum aldri og í svipaðri aðstöðu og þeir.

#### HUGMYNDIR UM AÐ SETJA SKORÐUR VIÐ LÁN- VEITINGUM

Í 11. gr. sömu frumvarpsdraga eru einnig settar annars konar skorður við lánveitingum til þeirra sem stunda frumgreinanám. Samkvæmt greininni er lagt til að sjóðnum verði ekki lengur heimilt að veita þeim lán fyrir skólagjöldum. Slík heimild yrði einungis bundin háskólanámi, sérnámi eða löggiltu iðnnámi á framhaldsskólastigi. Ljóst er að þetta gæti torvelað skólunum að innheimta skólagjöld að óbreyttu og þar með dregið verulega úr tekjumöguleikum þeirra.

Samkvæmt upplýsingum frá mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur verið rætt um að fallist Alþingi á þessa síðarnefndu leið verði reynt að greiða hærra verð með hverjum nemanda til að mæta tekjutapi skólanna. Framlög vegna hvers ársnemanda gætu því hugsanlega hækkað úr 490 þús.kr. í 750 þús.kr. Þetta hafi m.a. verið rætt í tengslum við verkefnið *Nám er vinnandi vegur* og í því samhengi verið talað um að ekki sé æskilegt að einstaklingar skuldsetji sig mikið vegna náms sem ekki færir þeim nein starfsréttindi. Slíkt sé ekki góð fjárfesting fyrir hóp sem alla jafna er með lágar tekjur fyrir. Með því að veita ekki skólagjaldalán fyrir frumgreinanámi sé einnig komið í veg fyrir að slík gjöld séu hugsanlega nýtt í að fjármagna aðra óskylda starfsemi.

#### BEIN FRAMLÖG RÍKISNS GÆTU HÆKKAÐ UM ÞRIÐJUNG

Verði þessar hugmyndir að veruleika, sem enn er alls óvíst, munu bein framlög ríkissjóðs vegna frumgreinanámsins augljóslega hækka talsvert frá því sem nú er, þ.e. úr 256 m.kr. á ári í 350 m.kr. miðað við óbreyttan nemendafjölda. Hér er tekið tillit til þess að árlegur kostnaður ríkissjóðs (um 43 m.kr.) vegna skólagjaldalána Lánasjóðs íslenskra námsmanna til frumgreinanemenda félli niður. Námið yrði með öðrum orðum nær eingöngu kostað af ríkinu.

Eitt og sér ætti þetta að styrkja það sjónarmið að yfirvöldum menntamála beri að auka aðkomu sína að þessu námi. Að mati Ríkisendurskoðunar væri þá langeðlilegast að fella það undir lög um framhaldsskóla og sveigja það að almennu framhaldsskólanámi (sbr. það sem segir um stöðu frumgreinanáms almennt á bls. 11). Sé slíkt ekki talið æskilegt að svo stöddu er mikilvægt að frumgreinanáminu sé að minnsta kosti sett skýr og afmörkuð lagaumgjörð, eins og gert hefur verið í Danmörku, þar sem það er skilgreint og tryggt að það njóti sambærilegrar viðurkenningar stjórnvalda og almennt framhaldsskólanám. Með því móti yrðu hagsmunir nemenda einnig best tryggðir.

#### AUKIN FRAMLÖG RÍKISINS KALLA Á AUKNA AÐKOMU ÞESS